

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1444/2002

2006/EES/30/21

frá 24. júlí 2002

um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE⁽³⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag kannana Bandalagsins á nýtingu bújarða⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 143/2002⁽²⁾ einkum 1. mgr. 8. gr.,

1. gr.

Í stað I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB⁽⁴⁾ komi I. viðauki við þessa reglugerð. Í þessum viðauka eru skilgreiningar Bandalagsins sem skal nota í könnunum Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum, ásamt viðeigandi skýringum og dæmum.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

- 1) Niðurstöður kannana Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum, sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 571/88, geta einungis verið samræmdar í Evrópubandalaginu ef samræmi er í skilningi á hugtökum í skránni yfir könnunaratriði og beitingu þeirra.

Í stað III. viðauka við ákvörðun 2000/115/EB komi II. viðauki við þessa reglugerð. Í þessum viðauka eru undantekningar frá skilgreiningum Bandalagsins vegna sérstakra aðstæðna í tilteknum aðildarríkjum.

3. gr.

- 2) Með reglugerð (EB) nr. 143/2002 var skránni yfir könnunaratriði breytt með tilliti til skipulags kannana Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum á árunum 2003, 2005 og 2007.

Breyta skal svæðum og héruðum á Ítalíu, eins og þau eru tilgreind í IV. viðauka við ákvörðun 2000/115/EB, í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð. Þessi svæði og héruð skal einnig nota í niðurstöðum grunnkönnunarinnar frá 1999/2000.

4. gr.

- 3) Nýjum breytum hefur verið bætt við skrána yfir könnunaratriði og vegna þróunar í landbúnaði þarf að endurskoða skilgreiningar á ýmsum fyrri breytum.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

- 4) Skrána yfir undantekningar frá samræmdu skilgreiningunum þarf að endurskoða vegna aðstæðna í tilteknum aðildarríkjum.

Hún skal gilda um kannanir Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum frá og með árinu 2003.

- 5) Afmörkun stjórnsýslusvæða og héraða hefur breyst í tilteknum aðildarríkjum. Af þeim sökum er skráin yfir svæði og héruð fyrir kannanir Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum endurskoðuð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 22.4.2004, bls. 19.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 56, 2.3.1988, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 24, 26.1.2002, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

—

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR OG SKÝRINGAR SEM GILDA UM SKRÁNA YFIR KÖNNUNARTRÍÐI SEM SKAL NOTA Í KÖNNUNUM BANDALAGSINS Á FRAMLEIÐSLUSKIPAN Á BÚJÖRDUM

(I= skilgreiningar, II= skýringar)

BÚJÖRD

- I. Tæknilega og fjárhagslega stök eining, þar sem stjórnun er á einni hendi og framleiddar eru landbúnaðarafurðir. Bújörðin getur einnig gefið af sér aðrar aukaafurðir og -þjónustu (sem er ekki tengt landbúnaði).
- II.
1. Bújörð er því skilgreind samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:
 - 1.1. framleiðsla landbúnaðarafurða
„landbúnaðarafurðir“ teljast vera þær afurðir sem eru skráðar í II. viðauka,
 - 1.2. stjórnun á einni hendi
stjórnun tveggja eða fleiri einstaklinga í sameiningu getur einnig talist stjórnun á einni hendi,
 - 1.3. tæknilega og fjárhagslega stök eining
almennt einkennist þetta af samnýtingu vinnuafls og framleiðslutækja (vélbúnaðar, bygginga eða lands o.s.frv.).
 2. Sérstök tilvik
 - 2.1. a) Þegar bújörð er af skattalegum eða öðrum ástæðum skipt á milli tveggja eða fleiri einstaklinga en stjórnun er enn á einni hendi (einn sameiginlegur bústjóri) og getur því talist ein stök eining, telst hún ein stök bújörð.
 - b) Þegar tvær eða fleiri bújarðir, sem áður hafa verið bújarðir með sjálfstæðan rekstur, hafa verið felldar undir stjórn eins ábúanda teljast þær ein bújörð ef þar er sameiginlegur bústjóri eða notast er við sama vinnuafli og búnað.
 - 2.2. Ef fyrrverandi ábúandi heldur eftir landspildu þegar bújörðin er flutt til eftirmanns hans (erfingja, leigjanda o.s.frv.) telst hún:
 - a) hluti af bújörð eftirmannsins ef landið, sem haldið er eftir, er ræktað ásamt bújörðinni og ef sama vinnuafli og sömu framleiðslutæki og á bújörðinni eru almennt notuð,
 - b) hluti af bújörð fyrrverandi ábúanda ef hún er alla jafna ræktað með vinnuafli og framleiðslutækjum þeirrar bújarðar.
 - 2.3. Eftirfarandi telst vera bújörð enda séu framangreindar viðmiðanir til skilgreiningar á bújörð uppfylltar:
 - a) kynbótastöðvar fyrir naut, gelti, hrúta, geithafra og fola og klakstöðvar,
 - b) bújarðir rannsóknarstofnana, hjúkrunarstofnana og hressingarhæla, trúfélaga, skóla og fangelsa,
 - c) bújarðir sem eru hluti af iðnfyrirtækjum,

d) sameiginlegt land sem samanstendur af bithaga, landi til garðyrkju og öðru landi, ef viðkomandi innlent yfirvald rekur landið sem bújörð (t.d. með því að taka á móti nautgripum frá öðrum til beitar gegn tilteknu gjaldi). Eftirfarandi er ekki tekið til greina hér:

— sameiginlegt land sem er úthlutað (C/3),

— sameiginlegt land sem hefur verið leigt út (C/2).

2.4. Eftirfarandi telst ekki vera bújörð, nema þar fari fram starfsemi sem felur í sér að hún sé talin með:

a) hesthús og tamingasvæði fyrir veðhlaupahesta og æfingabrautir (þ.e. land notað til að þjálfa veðhlaupahesta), ef þar er ekki stunduð ræktun,

b) hundaræktunarstöðvar og

c) markaðir, sláturhús o.s.frv. (þar sem ekki fer fram eldi).

2.5. Mismunandi bújarðir geta nýtt krafta sína saman í tiltekna landbúnaðarstarfsemi, til að mynda sérstakt samvinnufyrirtæki með aðskilinn rekstur frá bújörðinni (móðurfyrirtækinu). Þessi fyrirtæki geta t.d. verið sameiginlegir aldingarðar, sameiginlegir bithagar fyrir nautgripi og sameiginleg mjólkurbú. Þetta er dæmi um samruna að hluta og nefnast þessi samvinnufyrirtæki hér „bújörð með sameiginlegan rekstur um eina afurð“. Farið er með þessar „bújarðir með sameiginlegan rekstur um eina afurð“ sem bújarðir óháðar móðurfyrirtækinu ef þær nota fyrst og fremst eigin framleiðsluþætti en ekki framleiðsluþætti móðurfyrirtækisins.

A. LEGA BÚJARÐAR

II. Bújörðin og allar upplýsingar um hana eru skráðar í því héraði og sveitarfélagi eða hluta könnunarhéraðs þar sem aðalstöðvar bújarðarinnar eru (A/1).

Aðalstöðvar bújarðarinnar eru skilgreindar samkvæmt skjalfestum reglum aðildarríkis.

Þegar bújörðin er einungis að hluta til á tilteknu landsvæði (t.d. á harðbýlu landi) er hún flokkuð innan þess svæðis ef annaðhvort stærsti hluti landsins, sem tilheyrir bújörðinni, eða höfuðstöðvar bújarðarinnar eru á því svæði. Velja skal eina þessara reglna sem skal gilda um allar bújarðir og hvern lið A/1 til A/3.

A/1 Könnunarhérað

I. Legu hverrar bújarðar er lýst með kóða þar sem tilgreint er land, svæði og könnunarhérað.

II. Svæði og héruð, að því er varðar kannanir á framleiðsluskipan bújarða, eru skráð í IV. viðauka.

A/1 a) Sveitarfélag eða hluti könnunarhéraðs

I. Legunni er lýst með kóða þar sem tilgreint er sveitarfélag eða hluti könnunarhéraðs, þannig að safna megi niðurstöðum eftir mismunandi tegundum svæða fyrir einstaka landshluta.

II. Kóðarnir fyrir sveitarfélag eða hluta könnunarhéraðs, sem eru notaðir, eru í samræmi við 4. eða 5. stig flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS). Ef ekki er unnt að senda kóðana skal aðildarríkið senda þess í stað upplýsingarnar, fyrir hverja bújörð, sem tilgreindar eru í könnunatriðum A/2, a-lið í A/2 og A/3.

- A/2 **Harðbýlt land**
- I. Landsvæði sem teljast á degi könnunarinnar harðbýlt land í skilningi 18., 19. og 20. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1257/1999 ⁽¹⁾, (og, eftir atvikum, nýjustu löggjöf) og er á skrá Bandalagsins yfir harðbýlt land sem aðildarríkið hefur sent upplýsingar um við beitingu fyrrnefndrar reglugerðar.
- II. Til harðbýls lands telst fjalllendi (a-liður í A/2), svæði sem fylgja tilteknir ókostir og annað harðbýlt land.
- A/2 a) *Fjalllendi*
- I. Svæði sem telst á degi könnunarinnar fjalllendi í skilningi 18. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1257/1999, (og, eftir atvikum, nýjustu löggjöf) og er á skrá Bandalagsins yfir harðbýlt land sem aðildarríkið hefur sent upplýsingar um við beitingu fyrrnefndrar reglugerðar.
- A/3 **Landbúnaðarsvæði háð umhverfistakmörkunum**
- I. Svæði sem telst á degi könnunarinnar landbúnaðarsvæði háð umhverfistakmörkunum í skilningi 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/1999 (og, eftir atvikum, nýjustu löggjöf).
- II. Bændur geta fengið greiddan kostnað og tekjutap vegna umhverfistakmarkana á landbúnaðarsvæðum sínum. Þessar takmarkanir skulu vera vegna þeirra takmarkana sem settar eru á landbúnað samkvæmt umhverfisverndarreglum Bandalagsins.
- Svæði sem er háð hömlum einungis á grundvelli innlendra eða svæðisbundinna reglna er ekki meðtalið.
- Svæðin geta verið á harðbýlu landi.
- Þessi svæði eru einkum svæði Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000), þ.e. sérstök forvörslu- eða verndarsvæði fyrir náttúruleg búsvæði og tegundir í hættu (byggist á tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrulegra búsvæða og villtra plantna og dýra (Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7 til 50).
- B. **LÖGFORMLEG STAÐA OG STJÓRNUN BÚJARÐAR (á degi könnunar)**
- B/1 og B/2 **Sá sem ber lagalega og fjárhagslega ábyrgð á bújörðinni: ábúandinn**
- I. Ábúandi bújarðarinnar er sá einstaklingur, hópur einstaklinga eða lögaðili sem rekur bújörðina fyrir eigin reikning og í eigin nafni og sem ber lagalega og fjárhagslega ábyrgð á bújörðinni, þ.e. tekur fjárhagslega áhættu vegna bújarðarinnar. Ábúandi getur átt bújörðina beint, leigt hana, verið leigutaki að erfðum til langs tíma eða með nýtingarrétt eða verið vörslumaður.
- II. Lagaleg og fjárhagsleg ábyrgð er skilgreind samkvæmt skjalfestum reglum aðildarríkis.
- Ábúandi kann að hafa falið bústjóra allt eða hluta ákvörðunarvalds yfir hefðbundinni, daglegri fjárhags- og framleiðslustjórnun bújarðarinnar.
- Þegar um er að ræða samvinnubúskap (sjá a-lið C/3) telst bóndinn vera ábúandi en ekki leigusali.
- Einungis samstarfsaðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur, sem starfa við búíð (sjá L/1 til L/6), geta talist ábúendur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

- B/1 a) og b) *Einstaklingur*
- I. Einstaklingur getur verið einn einstaklingur (eini ábúandinn) eða hópur einstaklinga (samstarfsaðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur).
- II. Spurningin um hvort ábúandi er „einstaklingur“ eða „lögaðili“ skiptir máli fyrir flokkun bújarða í eftirfarandi hópa:
- Bújörð þar sem ábúandinn er:
- a) einstaklingur og eini ábúandi bújarðar með sjálfstæðan rekstur,
- b) hópur einstaklinga sem er hópur samstarfsaðila á „bújörð með sameiginlegan rekstur“,
- c) lögaðili.
- Samkvæmt lögum tiltekinna aðildarríkja er, af skattalegum og lagalegum ástæðum, farið með „lögaðila“ (félag) eins og um „einstakling“ eða „hóp einstaklinga“ væri að ræða. Þetta á að jafnaði við um hvers konar fyrirtæki þar sem einn eða allir aðilar bera fulla persónulega ábyrgð á skuldum fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum geta aðildarríki flokkað slíka „lögaðila“ sem „einu ábúendur“ eða „bújarðir með sameiginlegan rekstur“. Þetta skal ákveðið á grundvelli skjalfestra reglna sem eru ótvíræðar og samræmdar.
- B/1 a) *Einstaklingur sem er eini ábúandi bújarðar með sjálfstæðan rekstur*
- I. Einn einstaklingur sem er ábúandi bújarðar sem tengist ekki bújörðum annarra ábúanda, hvorki með sameiginlegri stjórnun eða áþekku fyrirkomulagi.
- II. Þessi ábúandi getur sjálfur tekið allar ákvarðanir varðandi bújörðina.
- Makar eða nánir aðstandendur, sem eiga eða leigja bújörð í sameiningu, skulu að jafnaði teljast sitja eina bújörð með sjálfstæðan rekstur sem stjórnað er af einum ábúanda.
- Farið er með tvo einstaklinga í sambúð, sem eru ógiftir, eins og um maka væri að ræða ef þeir eru viðurkenndir sem slíkir samkvæmt lögum í viðkomandi aðildarríkjum.
- Eftirfarandi aðila ber m.a. að telja sem einn ábúanda: systkini, arfþega samkvæmt sömu erfðaskrá eða hluta að dánarbúi o.s.frv. ef þeir hafa ekki gert með sér samkomulag og ekki er farið með þá, af skattalegum og/eða lagalegum ástæðum, sem samstarfsaðila eða lögaðila samkvæmt lögum aðildarríkisins.
- Ef félag (lögaðili) er í eigu eins einstaklings og aðildarríkið fer með það eins og um einstakling væri að ræða (sjá skilgreiningu á einstaklingi) telst það vera bújörð með einum ábúanda.
- Ef einungis einn einstaklingur ber fulla lagalega og fjárhagslega ábyrgð á bújörðinni telst hann vera eini ábúandinn, jafnvel þótt bújörðin uppfylli að öðru leyti viðmiðanir fyrir bújörð með sameiginlegan rekstur.
- B/1 b) *Einn eða fleiri einstaklingar sem eru samstarfsaðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur*
- I. Samstarfsaðili eða -aðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur eru einstaklingar sem eiga, leigja eða stjórna á annan hátt í sameiningu einni bújörð eða stjórna í sameiningu einstökum bújörðum sínum eins og um eina bújörð væri að ræða. Samstarfið skal vera í samræmi við lög eða samkvæmt skriflegum samningi.
- II. Ef félag (lögaðili) er í eigu fleiri en eins einstaklings og aðildarríkið fer með það eins og um einstakling væri að ræða telst það vera bújörð með sameiginlegan rekstur.

Aðildarríki, sem ákveða að skrá ekki upplýsingar um bújarðir með sameiginlegan rekstur, safna öllum upplýsingum um allar bújarðir þar sem ábúandinn er einstaklingur samkvæmt a-lið í breytu B/1, án tillits til þess hvort þær eru „bújarðir með sameiginlegan rekstur“ eins og skilgreint er hér. Ef tveir eða fleiri einstaklingar taka að sér hlutverk ábúanda á bújörð skal einungis sýna einn þeirra sem slíkan (t.d. þann sem ber mesta ábyrgð eða á mestan þátt í stjórnun bújarðarinnar. Ef ekki tekst að velja einn einstakling samkvæmt slíkum viðmiðunum skal valið byggjast á einhverri annarri viðmiðun, t.d. aldri). Allar upplýsingar sem krafist er um ábúendur eru skráðar um þennan einstakling. Þessi einstaklingur telst einnig bústjóri bújarðarinnar. Allir aðrir einstaklingar sem vinna á bújörðinni skulu skráðir sem L/4 „Utanaðkomandi vinnuafli“, án tillits til fjölskyldutengsla þeirra við ábúendur.

B/1 c) *Lögaðili*

I. Lögaðili sem er ekki einstaklingur en hefur venjuleg réttindi og skyldur einstaklings, svo sem hæfi til að lögsækja eða vera lögsóttur (almennt gerhæfi).

II. Lögaðilinn getur verið opinber aðili eða einkaaðili, m.a.:

— ríki, svæði, sveitarfélög o.s.frv.,

— kirkjur og stofnanir þeirra,

— aðrar áþekkar opinberar eða hálfopinberar stofnanir,

— öll atvinnufyrirtæki, þó ekki þau í a- eða b-lið í B/1, einkum félög með takmarkaða ábyrgð, þ.m.t. samvinnufélög,

— öll hlutafélög (fyrirtæki sem hafa gefið út hlutabréf),

— stofnanir (aðilar sem hafa umsjón með fjármunum sem er aflað í tilteknum tilgangi, oft til félags- eða góðgerðamála),

— félög með takmarkaða ábyrgð, önnur en hlutafélög,

— öll önnur áþekk fyrirtæki.

B/2 **Bústjóri bújarðar**

I. Einstaklingur sem ber ábyrgð á hefðbundinni, daglegri fjárhags- og framleiðslustjórnun viðkomandi bújarðar.

II. Almenn, en ekki alltaf, er bústjórinn einnig ábúandi ef hann er einstaklingur.

Þegar ábúandinn er ekki jafnframt bústjórinn hefur hann ráðið annan til að reka bújörðina. Dæmi um þetta er aðstandandi (a-liður B/2) eða maki (b-liður B/2) en einnig einstaklingur sem hefur engin fjölskyldutengsl við ábúandann.

Bújörð getur einungis haft einn bústjóra.

Allar nauðsynlegar upplýsingar um bústjóra á bújörð með sameiginlegan rekstur skulu gefnar um samstarfsaðilann sem telst vera ábúandinn.

B/2 a) *Aðstandendur*

I. Að öllu jöfnu eru aðstandendur ábúandans maki, eldri skyldmenni eða niðjar (þ.m.t. með giftingu og ættleiðingu) og bræður og systur ábúanda eða maka hans.

II. Ábúendurnir sjálfir teljast ekki sem aðstandendur.

- B/3 **Búfræðimenntun bústjóra**
- Einungis eitt stig (það hæsta) er skráð fyrir hvern einstakling.
- Eingöngu hagnýt reynsla af landbúnaði
- I. Reynsla fengin með hagnýtri vinnu á bújörð.
- Undirstöðunám í búfræði
- I. Allt nám sem lokið er við í landbúnaðarskóla sem býður upp á undirstöðumenntun og/eða stofnun sem sérhæfir sig í tilteknum greinum (þ.m.t. garðyrkja, vínraekt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdar greinar).
- II. Búfræðinám á námssamningi, sem er lokið, telst til undirstöðunáms.
- Fullt búfræðinám
- I. Allt nám sem samsvarar a.m.k. tveggja ára fullu námi að loknu skyldunámi (sjá L/1 til L/6 Skólaskylduálgangur) og sem stundað var við landbúnaðarskóla eða háskóla eða aðra æðri menntastofnun í búfræði, garðyrkju, vínraekt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdum greinum.
- C. **TEGUND ÁBÚÐAR OG BÚSKAPARKERFI**
- C/1 til C/3 **Hagnýtt landbúnaðarsvæði**
- I. Allt ræktanlegt land, fastagraslendi, land undir fjölærar nytjaplöntur og matjurtagarðar.
- C/1 **Landbúnaðarsvæði til sjálfseignarbúskapar**
- I. Ræktað land sem er í rekstri bújarðar, sem tekur þátt í könnuninni, og ábúandi er eigandi að eða hefur afnotarétt eða erfðaleigurétt á til langs tíma eða samkvæmt annarri sambærilegri tegund ábúðar.
- II. Land, sem úthlutað er til landbúnaðarverkamanns (til eigin ræktunar) sem hluti af launum hans, telst til þeirrar bújarðar sem úthlutað er af, nema landbúnaðarverkamaðurinn noti eigin framleiðslutæki.
- Landspildur, sem fyrrverandi ábúandi heldur eftir (sjá Bújörð, lið 2.2), teljast til þeirrar bújarðar sem er að jafnaði ræktuð ásamt landinu sem haldið er eftir og þar sem notað er sama vinnuafli og sömu framleiðslutæki og á bújörðinni.
- Þó er beitarréttur á sameiginlegu beitarlandi ekki tekinn með, t.d. á sameiginlegu landi í eigu sóknar eða samvinnufélags (þar sem slík svæði eru ekki hluti af bújörð eru þau ekki tekin með í þessari könnun).
- C/2 **Landbúnaðarsvæði til leigubúskapar**
- I. Land í leigu bújarðarinnar gegn fastri leigu sem samið er um fyrir fram (í peningum, fríðu eða á annan hátt) og gerður hefur verið (skriflegur eða munnlegur) leigusamningur um. Svæði telst einungis til einnar bújarðar. Ef svæði er leigt út til margra bújarða, á viðmiðunarárinu, telst það að jafnaði til bújarðarinnar sem það tilheyrir lengst á viðmiðunarárinu.
- II. Land, sem er leigt út, getur verið:
- heil bújörð,
- einstakar landspildur.
- Land sem er leigt út getur ekki talist hluti af bújörð landeigandans heldur er það alltaf hluti af bújörð leigutakans. Öll dýr á landinu teljast tilheyra bújörðinni sem er eigandi dýranna.

Landspildur eða bújarðir sem ábúandi leigir af aðstandendum sínum eru teknar hér með ef þessi svæði eru ræktuð sem hluti af bújörðinni sem verið er að kanna. Einnig er tekið með land sem tilheyrir annarri bújörð en sem bújörðin sem verið er að kanna ræktar gegn tilteknum fjölda vinnustunda en ekki land sem er ráðstafað til landbúnaðarverkamanns sem hluta af launum. Í leigusamningi, eins og gert er ráð fyrir hér, er ekki einungis tilgreint viðkomandi landsvæði heldur einnig lega þess og nákvæm landamerki þess en það á ekki við í tilvikum þar sem landi er ráðstafað til landbúnaðarverkamanns sem hluta af launum og er að jafnaði áfram undir skiptiræktarkerfi bújarðarinnar.

Land sem er leigt út og hefur verið framleigt til þriðja aðila skal teljast hluti af bújörð þess þriðja aðila, þar sem það telst ekki hluti af bújörðinni sem verið er að kanna.

C/3 **Landbúnaðarsvæði til samvinnubúskapar eða annars búskapar**

C/3 a) *Landbúnaðarsvæði til samvinnubúskapar*

I. Land (sem getur talist heil bújörð) sem er ræktað í samvinnu leigusala og leiguliða samkvæmt skriflegum eða munnlegum samningi um samvinnubúskap. Afrakstur (annaðhvort fjárhagslegur eða áþreifanlegur) samvinnubúskaparsvæðis skiptist á milli tveggja aðila samkvæmt samkomulagi.

II. Til þess telst m.a.:

Colonia parziaria á heilum bújörðum.

Þegar um er að ræða „*colonia parziaria*“ á heilum bújörðum er jörð framseld forsvarsmanni fjölskyldu sem tekur á sig, með hjálp aðstandenda sinn (bændafjölskyldunnar), alla vinnu sem þarf að inna af hendi á bújörðinni, ber hluta útgjaldanna og fær hluta af afrakstri býlisins á móti framsalgjafa í föstum hlutföllum.

C/3 b) *Landbúnaðarsvæði til annars konar ábúðar*

I. Annars konar ábúð sem er ekki tilgreind í C/1 til a-liðar í C/3.

II. Hún felur í sér m.a.:

1. land sem ábúandi hefur rétt á:

— vegna þeirrar stöðu sem hann gegnir (skógfræðingur, prestur, kennari o.s.frv.),

— sem sóknin eða önnur stofnun úthlutar, t.d. sameiginlegt beitarréttur á við um),

2. land, þar sem ábúandi vinnur endurgjaldslaust (t.d. svæði sem tilheyrir bújörðum í vanrækslu sem bújörðin sem verið er að kanna, ræktar),

3. *Colonia parziaria* á einstökum landspildum.

Þegar um er að ræða *colonia parziaria* á einstökum landspildum er einungis ein eða fleiri landspildur afhentar og er notkun þeirra með sömu skilyrðum og lýst er í a-lið.

C/5 **Búrekstrarkerfi og búskaparhættir**

C/5 a), d) og e) *Lífrænn búskapur*

I. Safna skal upplýsingum um hvort búrekstur bújarðarinnar standist tiltekna staðla og reglur sem skilgreindar eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 ⁽²⁾, eða, eftir atvikum, nýjustu löggjöf um „lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum“ og/eða sambærilegum innlendum reglum um lífræna framleiðslu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 75, 16.3.2001, bls. 21.

- II. Með reglugerðinni er settur samræmdur rammi um merkingar, framleiðslu og eftirlit með landbúnaðarafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til lífrænna framleiðsluaðferða. Samkvæmt reglum reglugerðarinnar verður framleiðslan að fara fram á þann hátt að landspildurnar og framleiðslu- og geymslustaðir séu greinilega aðskilin frá öðrum einingum þar sem framleiðsla er ekki í samræmi við reglur um lífrænan búskap.

Þegar lífrænum framleiðsluaðferðum er einungis beitt á hluta hagnýttis landbúnaðarsvæðis eða búfjár bújarðarinnar skal einungis skrá hér þessi tilteknu svæði og tiltekið búfé.

C/5 a) *Hagnýtt landbúnaðarsvæði bújarðarinnar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt*

- I. Sá hluti hagnýttis landbúnaðarsvæðis bújarðarinnar þar sem framleiðslan uppfyllir allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli sem eru settar fram í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

- II. Í reglugerðinni er gerður greinarmunur á milli þeirra svæða sem uppfylla allar reglurnar og þeirra sem aðlögunartímabil gildir um. Einungis er heimilt að markaðssetja afurðir sem eru upprunnar á svæðum þar sem horfið hefur verið að fullu til lífrænnar framleiðslu með merkingu sem vísar til lífrænna framleiðsluaðferða.

Í þennan lið skal einungis skrá þau svæði þar sem aðlögunartímabilinu er lokið að fullu (sjá d-lið í C/5).

C/5 d) *Hagnýtt landbúnaðarsvæði bújarðarinnar þar sem verið er að hverfa til lífrænna framleiðsluaðferða*

- I. Sá hluti hagnýttis landbúnaðarsvæðis bújarðarinnar þar sem lífrænum búskaparháttum er beitt en nauðsynlegu aðlögunartímabili til að teljast uppfylla allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, er ólokið.

- II. Í þennan lið skal einungis skrá þau svæði þar sem aðlögunartímabilinu er ekki lokið að fullu (sjá a-lið í C/5).

C/5 e) *Bújarðir þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er einnig beitt á búfjárframleiðslu*

- I. Bújarðir þar sem öll búfjárframleiðsla eða hluti hennar uppfyllir allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, eða þar sem aðlögunartímabil til að uppfylla þær stendur yfir.

- II. Í reglugerðinni er tekið fram að öll búfjárrækt á bújörð skuli að öllu jöfnu vera í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu. Einungis þegar byggingar, landspildur og tegundir eru greinilega aðskildar er hægt að ala dýrin með mismunandi aðferðum.

C/5 c) *Stuðningur við skuldbindingar um umhverfissvænan landbúnað*

- I. Allur stuðningur við bújörð í gegnum áætlun aðildarríkis í skilningi 22. til 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/1999 eða, eftir atvikum, nýjustu löggjöf. Einnig fellur allur stuðningur við svipaðar áætlanir, sem byggjast á eldri löggjöf Bandalagsins, hér undir. Stuðningur eingöngu við lífrænan búskap er ekki meðtalinn.

- II. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1527/99 er hægt að veita stuðning við framleiðsluaðferðir sem vernda umhverfið og sveitina (umhverfissvænn landbúnaður) með:

— notkun ræktaðs lands sem samrýmist verndun og úrbótum á umhverfinu, landslaginu og þáttum þess, náttúruauðlindum, jarðveginum og erfðafræðilegri fjölbreytni,

- umfangsmiklum búskap og stjórnun á dreifbæru beitikerfi,
- verndun mikilla náttúruverðmæta á landbúnaðarsvæðum,
- viðhaldi landslagsins og sögulegra sérkenna á ræktuðu landi,
- umhverfismálaáætlunum í búrekstri.

Bændur sem taka á sig skuldbindingar um umhverfissvænan landbúnað til a.m.k. fimm ára (eða lengur ef nauðsyn krefur) getað fengið stuðning. Þessar skuldbindingar skulu fela í sér meira en hefðbundna, góða búskaparhætti og þjónustu sem ekki er kveðið á um í öðrum stuðningsráðstöfunum, eins og markaðsstuðning eða jöfnunargreiðslur.

Stuðningurinn er reiknaður út á grundvelli tekjutaps, viðbótarkostnaðar vegna skuldbindinga og nauðsynjar þess að veita hvatningu.

Svipuðum stuðningsáætlunum hefur verið komið á fót samkvæmt fyrri löggjöf Bandalagsins. Með hliðsjón af þeim langtímaskuldbindingum sem tekist er á hendur samkvæmt þessum áætlunum getur gildistími þeirra verið til margra ára. Einnig skal skrá þennan stuðning í þessum lið.

D. til H.

HEILDARSVÆÐI

- I. Til heildarsvæðis bújarðarinnar (D til H) telst ræktað svæði sem bújörðin hagnýtir (D til G) og annað land (H).
- II. Í I-lið skal veita nákvæmari upplýsingar um hagnýtingu tiltekinna svæða í D- til H-lið. Ekki er hægt að bæta svæðum, sem eru skráð í I-lið, við önnur svæði þar sem þau væru þá tvískráð.

Til hagnýttis lands telst svæðið undir aðalnytjaplöntur sem eru uppskornar á könnunarárinu.

Við sundurliðun heildarsvæðis eftir ræktuðu svæði skal einungis skrá hvert svæði einu sinni.

Fjölærar nytjaplöntur og þær sem lifa í nokkur ár (t.d. spergill, jarðarber eða runnar) skal taka með frá því ári sem þeim er plantað jafnvel þótt afrakstur þeirra sé enn enginn.

Ræktaðir ætisveppir (I/2) teljast ekki til heildarsvæðisins.

Þegar um er að ræða samræktun (I/5) er hagnýttu landbúnaðarsvæði úthlutað hlutfallslega til nytjaplantna til notkunar undir viðkomandi nytjaplöntur.

Landbúnaðarsvæði, sem er tengt skóglendi, er skipt upp á sama hátt.

Þessi meginregla á ekki við um blandaða ræktun (þ.e. nytjaplöntur sem eru ræktaðar og uppskornar saman á sama svæði, t.d. blandað korn) eða um skiptiræktun (t.d. þegar smára er sáð undir bygg til síðari uppskeru).

Þegar um er að ræða samræktun þar sem ein nytjaplantanna hefur ekkert gildi fyrir bújörðina, er litið fram hjá henni við sundurliðun á svæðunum.

Gera má undantekningar á meginreglunni um hlutfallslega skiptingu ef viðunandi niðurstaða fengist annars ekki, að því tilskildu að reglur, sem aðildarríkin setja í samráði við framkvæmdastjórnina, séu virtar.

Skiptiræktun er skráð undir fyrirsögninni í I/1. Undir fyrirsögnum D til G er hvert skiptiræktunarsvæði ekki reiknað út heldur er svæðinu úthlutað einungis til einnar nytjaplöntu sem telst vera aðalnytjaplantan. Þegar mismunandi nytjaplöntur eru ræktaðar hver á eftir annari á viðkomandi svæði á sama uppskeruári er aðalnytjaplantan sú sem gefur af sér mestu framleiðsluverðmætin. Ef ekki er hægt að ákvarða út frá framleiðsluverðmæti hvað telst vera aðalnytjaplantan skal hún vera sú sem er ræktað lengst á svæðinu.

D. RÆKTANLEGT LAND

I. Land sem er ræktað (plægt eða rutt) reglulega, að jafnaði við skiptirækt.

II. Með skiptirækt er átt við að nytjaplöntur í tilteknum reit komi í kjölfar annarra nytjaplantna samkvæmt fyrirframákveðinni áætlun. Að öllu jöfnu er skipt um nytjaplöntur árlega en þær geta einnig verið ræktaðar í nokkur ár samfleytt. Þegar ræktanlegt land er greint frá landi undir fjölærar nytjaplöntur (G) eða fastagraslendi og engi (F) skulu viðmiðunarmörkin vera fimm ár. Í þessu felst að reitur telst ekki vera ræktanlegt land ef hann er notaður undir sömu nytjaplöntu í fimm ár eða lengur, án þess að fyrri nytjaplanta sé fjarlægð og nýrri plantað.

Tilteknar nytjaplöntur, sem eru yfirleitt meðhöndlaðar sem grænmeti, skrautjurtir eða iðnaðarplöntur (t.d. sperglar, rósir, skrautrunnar, sem eru ræktaðir vegna blóma sinna eða laufa, jarðarber og humlar), teljast með í þessum flokki jafnvel þótt þær séu ræktaðar á sama svæði í fleiri en fimm ár.

Ræktanlegt land nær yfir nytjaplöntuflokka D/1 til D/20, D/23 til D/35, hvíldarland án styrkja (D/21) og hvíldarland sem fellur undir styrkjakerfi fyrir ræktunarhlé sem er ekki notað í efnahagslegu tilliti (D/22).

Svæði þar sem iðnaðarplöntur eru ræktaðar á landi í ræktunarhvíld eru tekin með undir viðeigandi fyrirsögnum en eru einnig skráð í b-lið í I/8.

D/1 til D/8 Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)

II. Undanskildar eru kornjurtir sem eru skornar áður en þær verða fullþroskaðar eða notaðar í grænfóður. Þær eru í D/18.

D/1 Hveiti og speldi

I. *Triticum aestivum* L. emend. Fiori et Paol., *Triticum spelta* L, og *Triticum monococcum* L.

D/2 Harðhveiti

I. *Triticum durum* Desf.

D/3 Rúgur

I. *Secale cereale* L.

Blöndur af rúgi og öðrum kornjurtum sem sáð er um haust eru meðtaldar.

D/4 Bygg

I. *Hordeum vulgare* L.

D/5 Hafrar

I. *Avena sativa* L.

Blöndur af höfrum og öðrum kornjurtum, sem sáð er um vor, eru meðtaldar.

D/6 Maískorn

I. Maís (*Zea mays* L.) sem er ræktaður vegna kornsins.

II. Maís sem er handskorinn eða skorinn með maísskurðarvél, maísaafhýðingarvél eða þreskivél, án tillits til notkunar, þ.m.t. korn til votverkunar. Einnig er hér meðtalið korn sem er skorið ásamt hluta af stönglinum en með meira en 20% raka og notað í votverkun (svonefnd maísstönglablanda, CCM).

Sykurmaísstönglar til manneldis eru meðtaldir í D/14.

- D/7 **Hrísgrión**
- I. *Oryza sativa* L.
- D/8 **Aðrar kornjurtir til kornframleiðslu**
- I. Kornjurtir sem er sáð til í hreinni ræktun og skornar þroskaðar og eru ekki skráðar annars staðar en í D/1 til D/7.
- II. Nytjajurtir sem skal skrá hér eru m.a.: dúrra (*Sorghum bicolor* × *Sorghum sudanense.*), rúghveiti (*Triticosecale Wittmack*), hirsí (*Panicum miliaceum* L.), bókhveiti (*Fagopyrum esculentum.*) og kanarífræ (*Phalaris canariensis* L.) eru einnig meðtalín hér þar sem þau eru ræktuð og unnin á sama hátt og kornjurtir.
- D/9 **Prótínjurtir sem á að taka þroskaðar (þ.m.t. fræ og blöndur af belg- og kornjurtum)**
- I. Nytjaplöntur sem er sáð til og þær uppskornar einkum vegna prótíninnhalds þeirra.
- II. Prótínjurtir, sem eru uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar, eru meðtaldar í D/14 eða D/18 eftir notkun. Þessar nytjajurtir eru einkum belgjurtir.
- D/9 e) *Ertur, gráertur og sætar úlfabaunir*
- I. *Pisum sativum* L., *Vicia faba* L., *Lupinus spp.*, sem sáð er í hreinni ræktun og uppskornar þroskaðar.
- D/9 f) *Linsubaunir, kjúklingabaunir og flækjur*
- I. Sáð er til nytjaplatnanna *Lens culinaris*, *Cicer arietinum*, *Vicia pannonica* Crantz eða *Vicia varia* í hreinni ræktun og þær skornar þroskaðar.
- D/9 g) *Aðrar prótínjurtir sem eru uppskornar þurrar*
- I. Nytjajurtir sem er sáð til og eru uppskornar þroskaðar, einkum vegna prótíninnhalds þeirra, ót.a.
- D/10 **Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)**
- I. *Solanum tuberosum* L.
- D/11 **Sykkurrófur (þó ekki fræ)**
- I. *Beta vulgaris* L. ætlað fyrir sykuriðnaðinn og til framleiðslu alkóhóls.
- D/12 **Fóðursykkurrófur og fóðurkál (þó ekki fræ)**
- I. Fóðursykkurrófur (*Beta vulgaris* L.) og jurtir af *Brassicaceae*-ættinni sem ætlaðar eru í fóður og aðrar jurtir sem eru einkum ræktaðar vegna rótanna sem eru ætlaðar í fóður, ót.a.
- II. Allar plöntur af *Brassicaceae*-ættinni, sem ætlaðar eru í fóður, falla undir þennan lið, óháð því hvort það er rótin eða stilkurinn sem er notað í fóður. Önnur dæmi geta verið ætífífill (*Helianthus tuberosus* L.), sætuhnúðar (*Ipomoea batatas* (L.) Lam.), fóðurnípur (*Pastinaca sativa* L.), kínakartöflur (*Discorea spp.*) og manjókarrót (*Manihot esculenta* Crantz).
- D/23 til D/35 **Iðnaðarplöntur**
- I. Plöntur sem eru að öllu jöfnu ekki seldar beint til neyslu þar sem þær þurfa að fara í vinnslu áður en til neyslu kemur.
- II. Þar með talið olíuauðug fræ jurtkendra plantna, þó ekki fræ og unglöntur trefjajurta, humals, tóbaks og annarra iðnaðarjurta)

D/23	Tóbak
I.	<i>Nicotiana tabacum</i> L.
D/24	Humall
I.	<i>Humulus lupulus</i> L.
D/25	Baðmull
I.	<i>Gossypium</i> spp.
D/26	Repja og akurfrækál
I.	<i>Brassica napus</i> L. og <i>Brassica rapa</i> , ræktað til framleiðslu á olíu, uppskorið sem þroskað korn.
D/27	Sólfífill
I.	<i>Helianthus annuus</i> L.
D/28	Soja
I.	<i>Glycine max</i> L.
D/29	Höfræ (olíulín)
I.	<i>Linum usitatissimum</i> L., yrki sem eru einkum ræktað til að framleiða olíu.
D/30	Aðrar olíufræsurtir
I.	Aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna olíuinnihalds þeirra og uppskornar sem þroskað korn, ót.a.
II.	Dæmi um þetta eru mustarður (<i>Sinapis alba</i> L.), valmúi (<i>Papaver somniferum</i> L.), sesamfræ (<i>Sesamum indicum</i> L.), tígrishneta (<i>Cyperus esculentus</i> L.) og jarðhnetur (<i>Arachis hypogea</i>).
D/31	Hör
I.	<i>Linum usitatissimum</i> L., yrki sem eru einkum ræktað til að framleiða trefjar.
D/32	Hampur
I.	<i>Cannabis sativa</i> L.
D/33	Aðrar textíljurtir
I.	Aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna trefjainnihalds þeirra, ót.a.
II.	Dæmi um þetta eru júta (<i>Corchorus capsularis</i>), manilahampur (<i>Musa textilis</i>), sísal (<i>Agave sisalana</i>) og kenaf (<i>Hibiscus cannabinus</i>).
D/34	Ilmjurtir, lækningajurtir og kryddjurtir
II.	Helstu ilmjurtir, lækningajurtir og kryddjurtir eru: hvönn (<i>Angelica</i> spp.), völvuauga (<i>Atropa</i> spp.), kamilla (<i>Matricaria</i> spp.), broddkúmen (<i>Carum</i> spp.), fingurbjargarblóm (<i>Digitalis</i> spp.), maríuvöndur (<i>Gentiana</i> spp.), ísópur (<i>Hyssopus</i> spp.), jasmína (<i>Jasminum</i> spp.), lofnarblóm (<i>Lavandula</i> spp.), meiran (<i>Origanum</i> spp.), melissa (<i>Melissa</i> spp.), mynta (<i>Mentha</i> spp.), valmúi (<i>Papaver</i> spp.), hörpulauf (<i>Vinca</i> spp.), psyllium (fræ) (<i>Psyllium</i> spp.), saffran (<i>Curcuma</i> spp.), salvía (<i>Salvia</i> spp.), gullfífill (<i>Calendula</i> spp.), garðabrúða (<i>Valeriana</i> spp.) o.s.frv.

- D/35 **Iðnaðarplöntur, ót.a.**
- I. Aðrar iðnaðarjurtir sem ekki hefur verið getið annars staðar.
- II. Dæmi um þetta eru t.d. síkoria (*Cichorium intibus* L.) og sykurreyr (*Saccharum officinarum* L.).
- D/14 og D/15 **Nýtt grænmeti, melónur, jarðarber**
- II. Ræktaðir ætisveppir (I/2) eru ekki meðtaldir.
- D/14 **Nýtt grænmeti, melónur, jarðarber, utanhúss eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli**
- D/14 a) *Blönduð akuryrkja*
- I. Grænmeti, melónur og jarðarber í skiptirækt með öðrum nytjaplöntum.
- II. Grænmeti úr blandaðri akuryrkju er yfirleitt, en ekki alltaf, ætlað til iðnaðarframleiðslu frekar en beint á markað.
- Grunnþátturinn hér er skiptiræktin á bújörðinni: ef grænmeti er í skiptirækt á svæði með öðrum nytjaplöntum en garðyrkjuplöntum (D/14 og D/16) er um að ræða „blandaða akuryrkju“.
- D/14 b) *Garðyrkja í atvinnuskyni*
- I. Grænmeti, melónur og jarðarber í skiptirækt með öðrum nytjaplöntum í garðyrkju (D/14 og D/16).
- II. Grænmeti, sem ræktað er í atvinnuskyni, er yfirleitt, en ekki alltaf, ætlað að fara beint á markað fremur en til iðnaðarframleiðslu.
- Grunnþátturinn hér er skiptiræktin í reitnum: ef grænmeti er í skiptirækt á svæði þar sem eru aðeins aðrar nytjaplöntur í garðyrkju (D/14 og D/16) telst það land undir „garðyrkju í atvinnuskyni“.
- D/15, D/17 og G/7 **Ræktun undir gleri eða öðru (aðgengilegu) skýli**
- I. Nytjajurtir sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsi eða undir föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti).
- II. Hér eru undanskildar plastplötur, sem eru lagðar á jörðina, einnig ræktun undir hjálmum eða í göngum, sem eru ekki aðgengileg, eða undir færanlegum, glerjuðum grindum.
- Að því er varðar færanleg gróðurhús og skýli skal skrá heildarsvæðið sem var skýlt síðustu 12 mánuði (svæðin eru lögð saman til að reikna út heildarsvæðið sem var skýlt), ekki einungis það svæði sem er skýlt hverju sinni.
- Ræktunarsvæði, sem eru um tíma undir gleri og í annan tíma undir berum himni, skal skrá sem svæði undir gleri nema þau séu undir gleri í afar stuttan tíma.
- Ef sama svæði undir gleri er notað oftari en einu sinni skal einungis skrá það einu sinni.
- Einungis skal telja með grunnflöt gróðurhúsa á mörgum hæðum.

- D/16 **Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum), úti eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli**
- D/17 **Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum), undir gleri eða í öðru (aðgengilegu) skýli**
- D/18 **Fóðurjurtir**
- I. Allar „grænar“ ræktunarplöntur, sem eru ætlaðar í dýrafóður, eru í skiptirækt með öðrum nytjaplöntum og eru á sama landi skemur en í fimm ár (einærar eða fjölærar fóðurplöntur).
- II. Þessar „grænu“ nytjaplöntur (gagnstætt þeim sem eru uppskornar sem „þroskað korn“) eru að öllu jöfnu nýttar til beitar fyrir dýr eða eru uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar, en geta einnig verið uppskornar þroskaðar, t.d. þurrhey. Almennt er öll plantan tekin og notuð í fóður, þó ekki rötin.
- Nytjajurtir sem eru ekki notaðar á bújörðinni heldur seldar, annaðhvort til beinnar notkunar á annari bújörð eða til iðnaðar, eru meðtaldar.
- Korntegundir, iðnaðarjurtir og aðrar nytjaplöntur í ræktanlegu landi, sem eru uppskornar og/eða nýttar sem grænfóður, eru taldar með. Fóðurrófur og fóðurkál (D/12) er ekki meðtalið.
- D/18 a) *Skammær grös*
- I. Grasplöntur fyrir beit, hey eða votverkun sem eru meðtaldar sem hluti af venjulegri skiptirækt, í a.m.k. eitt ár og skemur en í fimm ár, og sáð með grasi eða grasblöndum. Áður en sáð er að nýju í þessi svæði eru þau plægð eða rudd eða plöntunum er fargað á annan hátt t.d. með illgresiseyði.
- II. Blöndur að stærstum hluta úr grasplöntum og öðrum fóðurjurtum (yfirleitt belgjurtum), sem eru nýttar til beitar, sem grænfóður eða þurrhey, eru meðtaldar hér.
- Einærar grasplöntur (sem sáð er skemur en til eins uppskeruárs) eru ekki meðtaldar hér.
- D/18 b) *Annað grænfóður*
- I. Aðrar fóðurplöntur sem eru aðallega einærar (t.d. flækjur, grænfóðurmaís og kornjurtir sem eru uppskornar og/eða nýttar sem grænfóður, belgjurtir).
- D/18 b/i) **Grænfóðurmaís (maís í votverkun)**
- I. Maís (*Zea mays* L.) til votverkunar.
- II. Allar gerðir fóðurmaíss, sem eru ekki skornar sem korn (heilir stönglar, hlutar eða heilar plöntur). Þar með talinn er grænfóðurmaís sem er notaður beint í dýrafóður (ekki votverkaður) og heilir stönglar (korn, blómskipunarstilkur, hýði) skornir í fóður eða votverkaðir.
- D/18 b iii) **Aðrar fóðurjurtir**
- I. Aðrar ræktunarplöntur ætlaðar í dýrafóður, uppskornar í grænfóður, ót.a.
- II. Ýmsar tegundir smára, einærar eða tvíærar: t.d. logasmári (*Trifolium incarnatum* L.), rauðsmári (*T. pratense* L.), hvítsmári (*T. repens* L.), alexandriusmári (*T. alexandrinum*), persasmári (*T. resupinatum*) og ýmsar gerðir refasmára eru meðtaldar hér.
- Blöndur að stærstum hluta úr belgfóðurjurtum (yfirleitt > 80%) og grasplöntum, uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar eða sem þurrhey, eru meðtaldar hér.

Til þess tilheyrja: einærar nytjajurtir eins og kornjurtir, einært rýgresi, einær dúrra, tilteknar einærar, graskenndar plöntur eins og sveifgrös (*Poa annua L.*), plöntur sem tilheyrja öðrum ættum eins og krossblómaætt og sem eru ótaldar annars staðar (repja o.fl.) og hunangsjurt (*Phacelia tanacetifolia Benth*) ef þær eru uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar.

Grænfóðurmaís er ekki meðtalin.

D/19 **Fræ og unglöntur í ræktanlegu landi**

I. Svæði sem gefa af sér fræ og unglöntur til sölu, þó ekki korn, hrisgrjón, belgjurtir, kartöflur eða olíufræ. Fræ og unglöntur til eigin nota bújarðarinnar (t.d. ungar grænmetisplöntur eins og hvítkáls- eða íssalatsungplöntur) eru meðtaldar undir fyrirsögn viðeigandi nytjajurta.

II. Grænfóðurfræ eru meðtalin.

D/20 **Aðrar ræktunarplöntur**

I. Ræktunarplöntur eru ekki meðtaldar í D/1 til D/19 eða í D/21 til D/35.

II. Í þessum lið eru einungis nytjaplöntur sem hafa lítið efnahagslegt gildi og skulu það einungis vera plöntur sem ekki er hægt að flokka undir einhvern annan lið. Blöndur nytjaplantna skal skrá annars staðar, eftir því sem unnt er, annaðhvort samkvæmt skilgreiningu á viðkomandi breytu eða, ef ekkert er tekið fram þar, með nytjaplöntum með mest efnahagslegt verðmæti.

If ekki er unnt að skrá nytjaplöntur sérstaklega skal flokka þær með sams konar nytjaplöntum frekar en með nytjaplöntum úr öðrum flokki. Til dæmis skal ekki skrá lítil svæði með olíulín hér heldur undir „aðrar olíujurtir“.

D/21 og D/22 **Hvildarland**

II. Gera skal greinarmun á hvildarlandi og svæði undir skiptiræktun (I/1) eða landbúnaðarsvæði sem er ekki hagnýtt (H/1)). Grundvallareinkenni hvildarlands er að það er hvílt svo það nái sér, að öllu jöfnu í heilt uppskeruár.

Hvildarland getur verið:

1. autt land án nokkurrar uppskeru,
2. land með sjálfsprottinn gróður, sem unnt er að nota sem fóður eða plægja niður,
3. land sem einungis er sáð í til framleiðslu grænábúrdar (grænt hvildarland).

D/21 **Hvildarland án styrkja**

I. Allt land til skiptiræktar, hvort sem það er ræktað eða ekki, sem gefur ekki af sér uppskeru á uppskeruárinu og nýtur engrar fjárhagsaðstoðar eða styrkja.

D/22 **Hvildarland, sem fellur undir styrkjakerfi fyrir ræktunarhlé, ekki notað í efnahagslegu tilliti**

I. Svæði sem bújörðin getur hlotið fjárhagsaðstoð fyrir sem hvatningu til ræktunarhlés á ræktanlegu landi í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1251/1999 ⁽¹⁾ eða, eftir atvikum, nýjustu löggjöf. Ef fyrir hendi eru innlendar áætlanir eru þessi svæði einnig tekin með í þessu könnunaratriði. Svæði þar sem framleiðsla er hætt samkvæmt áætlun lengur en í fimm ár skal skrá í H/1 og H/3.

II. Ræktanlegt land þar sem önnur framleiðsla en matvælaframleiðsla er heimilud samkvæmt áætlun og sem er ræktað samkvæmt samningum er skráð annars staðar undir D/1 til D/20 eða D/20 til D/35.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 1.

- E. **MATJURTAGARÐAR**
- I. Svæði til að rækta landbúnaðarafurðir sem eru ætlaðar til eigin neyslu ábúandans og heimilis hans.
- II. Matjurtagarðar eru að öllu jöfnu aðskildir frá ræktaða landinu og eru auðþekkjanlegir sem matjurtagarðar. Einungis tilfallandi umframframleiðsla af þessu svæði er seld út frá bújörðinni. Ef afurðir svæðis eru stöðugt seldar á markaði tilheyrir það öðrum liðum, jafnvel þótt ábúandinn og heimili hans neyti hluta afurðanna.
- Svæði þar sem framleitt er dýrafóður, jafnvel þótt dýrin séu til eigin neyslu ábúandans og fjölskyldu hans tilheyra viðkomandi liðum.
- Matjurtagarður getur bæði verið ræktanlegt land og fjölærar nytjaplöntur.
- Ekki meðtalið eru:
- skemmtigarðar (almenningsgarðar og grasflatir) (H/3),
 - svæði sem eru ræktuð hjá stofnanaheimilum, t.d. rannsóknarstofnunum, trúfélögum, heimavistarskólum, fangelsum o.s.frv. Þessi svæði teljast vera bújarðir ef rekstur slíkra bújarða, þegar þær tengjast stofnanaheimili, uppfyllir aðrar viðmiðanir fyrir bújörð. Þessi svæði eru flokkuð eftir notkun þeirra á sama hátt og svæði bújarðar.
- F. **FASTAGRASLENDI OG ENGI**
- I. Land sem er nýtt til fastrar ræktunar (í fimm ár eða lengur) jurtkenndar fóðurjurtir, með ræktun (sáningu) eða náttúrlega (sjálfsáningu) og er ekki notað í skiptirækt á bújörðinni.
- II. Hægt er að nota landið til beitar eða fyrir vothey eða þurrhey.
- F/1 **Bithagi og engi, þó ekki rýrt beitoland**
- I. Fastabithagar þar sem jarðvegur er góður eða meðalgóður. Yfirleitt er hægt að nota þessi svæði til þéttbærrar beitar.
- II. Eftirfarandi er ekki meðtalið:
- rýrt beitoland, hvort sem það er notað öðru hverju eða að staðaldi (F/2),
 - bithagi og engi sem er ekki í notkun (H/1).
- F/2 **Rýrt beitoland**
- I. Fastabithagi með lítinn afrakstur, yfirleitt þar sem jarðvegur er rýr, t.d. á hæðóttu landi og hálendi, sem yfirleitt er ekki bætt með áburði, ræktun, sáningu eða framræslu.
- Að öllu jöfnu er ekki hægt að nota þessi svæði til dreifbærrar beitar, þau þola ekki þetta beit dýra og eru að öllu jöfnu ekki slegin.
- II. Til þeirra getur talist grýtt jörð, heiðar, mýrlendi og „hjärtaskógar“ í Skotlandi.
- Rýrt beitoland sem er ekki í notkun er ekki meðtalið (H/1).
- G. **FJÖLÆRAR NYTJAPLÖNTUR**
- I. Nytjaplöntur, sem eru ekki í skiptirækt, þó ekki graslendi að staðaldri, sem eru ræktaðar í langan tíma og gefa uppskeru í nokkur ár.

- II. Í þessum flokki eru gróðrarstöðvar (þó ekki gróðrarstöðvar fyrir skógartré, sem eru reknar í atvinnuskyni og flokkast sem skóglendi) og plöntur til að flétta eða vefa úr (körfuviður, reyr, sef o.s.frv. G/6).
- Nytjaplöntur sem eru meðhöndlaðar sem grænmeti, skrautjurtir eða iðnaðarplöntur (t.d. sperglar, rósir, skrautrunnar sem eru ræktaðir vegna blóma sinna eða laufa, jarðarber og humlar) teljast ekki með í þessum flokki jafnvel þótt þær séu ræktaðar að staðaldri. Þær eru skráðar í viðkomandi flokka ræktanlegs lands.
- G/1 til G/6 **Fjölærar nytjaplöntur utanhúss**
- G/1 **Ávaxta- og berjaekrur**
- I. Svæði með trjám, runnum og öðrum fjölærum berjaplöntum en jarðarberjum til framleiðslu á ávöxtum. Í aldingörðum getur ymist verið stutt eða langt bil á milli trjáanna og þar er ekki heimilt að hafa aðrar nytjaplöntur.
- II. Kastaníutré eru meðtalin.
- Sítrus- (G/2) og ólífuekrur (G/3) og vafningsjurtir (G/4) eru ekki meðtaldar.
- G/1 a) *Nýir ávextir og berjategundir frá tempraða beltinu*
- I. Ávaxta- og berjaekrur, sem eru venjulega í tempruðu loftslagi til framleiðslu á nýjum ávöxtum og berjum.
- G/1 b) *Ávaxta- og berjategundir frá heittempraða beltinu*
- I. Ávaxta- og berjaekrur, sem eru venjulega í heittempruðu loftslagi, til framleiðslu á nýjum ávöxtum og berjum.
- II. Til dæmis teljast eftirfarandi nytjaplöntur til ávaxta- og berjategunda á heittempruðum svæðum: nónberkja (*Anona spp.*), ananas (*Ananas spp.*), lárpera (*Persea spp.*), banani (*Musa spp.*), fikjukaktus (*Opuntia spp.*), litkaber (*Litchi spp.*), papæjaldin (*Carica spp.*), mangó (*Mangifera spp.*), gvava (*Psidium spp.*) og píslaraldin (*Passiflora spp.*).
- G/1 c) *Hnetur*
- II. Til þeirra teljast t.d. valhnetur (*Juglans regia* L.), heslihnetur (*Corylus avellana* L.) og möndllur (*Prunus dulcis* (Mill.) D.A. Webb.) og kastaníuhnetur (*Castanea sativa* Mill.).
- G/2 **Sítrusekrur**
- I. *Citrus spp.*
- G/3 **Ólífuekrur**
- I. *Olea europea* L.
- G/3 a) *Gefa að jafnaði af sér ólífur til átu*
- I. Plantekrur fyrir yrki sem er að jafnaði ræktað til að gefa af sér ólífur til átu.
- G/3 b) *Gefa að jafnaði af sér ólífur til oliuframleiðslu*
- I. Plantekrur fyrir yrki sem er að jafnaði ræktað til ólífuoliuframleiðslu.
- G/4 **Vínekrur**
- I. *Vitis vinifera* L.
- G/4 a) *Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér: gæðavín*

I. Ræktun þrúguyrkja sem eru að öllu jöfnu ræktuð til að gefa af sér gæðavín sem er framleitt í tilteknum héruðum (gæðavín fth) sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾ eða, eftir atvikum nýjustu löggjöf, og kröfurnar sem mælt er fyrir um við framkvæmd þeirra og mælt er fyrir um í innlendum reglum.

G/4 b) *Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér: annað vín*

I. Ræktun þrúguyrkja til að gefa af sér annað vín en gæðavín fth.

G/4 c) *Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér: vínber til átu*

I. Ræktun þrúguyrkja til að gefa af sér nýjar þrúgur.

G/4 d) *Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér: rúsínur*

I. Ræktun þrúguyrkja til að framleiða rúsínur.

G/5 **Gróðrarstöðvar**

I. Svæði þar sem ungar viðarkenndar plöntur vaxa undir berum himni til síðari umplöntunar:

- a) gróðrarstöðvar fyrir vínviðar- og frumstofna,
- b) gróðrarstöðvar fyrir aldintré,
- c) gróðrarstöðvar fyrir skrautjurtir,
- d) gróðrarstöðvar fyrir skógartré (þó ekki þær sem eru í skóglendi og er ætlað að uppfylla þarfir bújarðarinnar),
- e) tré og runnar til að gróðursetja í gördum, almenningsgördum og meðfram vegum og ám, (t.d. limgerði, rósarunnar og aðrir skrautrunnar og skrautbarrré), þ.m.t. í öllum tilvikum stofnar þeirra og unglöntur.

II. Gróðrarstöðvar fyrir skógartré, sem eru reknar í atvinnuskyni, annaðhvort í skóglendi eða ekki, eru skráðar í G/5, sem og gróðrarstöðvar, fyrir skógartré, sem eru ekki reknar í atvinnuskyni, eru ekki í skóglendi og er ætlað að uppfylla þarfir bújarðarinnar. Hins vegar eru gróðrarstöðvar (yfirleitt litlar) í skóglendi, sem ætlað er að uppfylla þarfir bújarðarinnar, skráðar með skóglendi (líður H/2).

Í töflu:

Gróðrarstöðvar fyrir skógartré		
	Í atvinnuskyni	Ekki í atvinnuskyni (til notkunar á bújörðinni)
Í skóglendi	G/5	H/2
Ekki í skóglendi	G/5	G/5

G/6 **Aðrar fjölærar nytjaplöntur**

I. Fjölærar nytjaplöntur í ræktun utanhúss, aðrar en skráðar eru í G/1 til G/5, einkum til að flétta eða vefa úr (sjá 02.01.42 í skránni yfir landbúnaðarafurðir).

G/7 **Fjölærar nytjaplöntur undir gleri**

Sjá D/15, D/17 til skilgreiningar á gleri.

⁽¹⁾ Stjtið. EBL 179, 14.7.1999, bls. 1.

- H. **ANNAÐ LAND**
- „Annað land“ er ræktað land sem ekki er hagnýtt (ræktað land sem ekki er lengur nytjað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og ekki notað við skiptirækt) og land með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnautt land, land með grýttum jarðvegi o.s.frv.
- H/1 **Ræktað land sem ekki er hagnýtt (land sem ekki er lengur nytjað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og ekki notað við skiptirækt)**
- I. Svæði sem áður var notað til ræktunar en var á könnunarárinu ekki lengur ræktað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og er ekki notað við skiptirækt, sem felur í sér að það er ekki ætlað til nota í landbúnaði.
- II. Hægt er að hefja ræktun á þessu landi á ný með því að nýta þau úrræði sem venjulega eru fyrir hendi á bújörð.
- Eftirfarandi er ekki meðtalið hér:
- skemmtigarðar (almenningsgarðar og grasflatir) (H/3),
 - hvíldarland (D/21 og D/22).
- H/2 **Skóglendi**
- I. Svæði sem eru þakin trjám eða skógarrunnum, þ.m.t. aspækur, í skógi eða ekki og gróðrarstöðvar fyrir skógartré í skóglendi, sem er ætlað að uppfylla þarfir bújarðarinnar, sem og aðstaða í skógum (vegir, geymslustaðir fyrir timbur o.s.frv.).
- II. Ef nytjajurtir eru ræktaðar í tengslum við skóglendi er svæðinu skipt hlutfallslega eftir notkun landsins.
- Vindbrjótar, skjólbelti, limgerði o.s.frv. skulu tekin með að því marki sem þau teljast til skóglendis.
- Jólatré og tré og runnar sem eru ræktað aðallega til notkunar í orkuframleiðslu eru skráð hér, óháð hvar þau eru ræktað.
- Eftirfarandi liðir eru ekki meðtaldir:
- valhnetu- og kastaníutré sem eru aðallega ræktað vegna aldina (G/1) og aðrar plantekrur fyrir önnur tré en skógartré (G) og körfuvið (G/6).
 - svæði með stökum trjám eða trjám í litlum lundum eða röðum (H/3),
 - almenningsgarðar (H/3), garðar (almenningsgarðar og grasfletir) (H/3), graslendi (F/1 og F/2) og rýrt beitiland sem er ekki hagnýtt (H/1),
 - heiðar og mýrar (F/1 eða H/1),
 - gróðrarstöðvar fyrir skógartré, sem eru reknar í atvinnuskyni, og aðrar gróðrarstöðvar utan skóglendis (G/5).
- H/3 **Annað land (með byggingum, skemmtigörðum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnautt land, land með grýttum jarðvegi o.s.frv.)**
- I. Allir hlutar heildarsvæðisins, sem tilheyrir bújörðinni, sem teljast hvorki hagnýtt land, ræktað land sem er ekki hagnýtt eða skóglendi.

- II. Þessi fyrir sögn nær einkum yfir:
1. svæði sem eru ekki notuð beint til jarðræktar en eru nauðsynleg búrekstrinum, t.d. land undir byggingar eða vegi,
 2. svæði sem henta ekki til landbúnaðarframleiðslu, þ.e. sem einungis er hægt að rækta með búnaði sem yfirleitt er ekki fyrir hendi á bújörð, t.d. fen, heiðar o.s.frv.,
 3. skemmtigarðar (almenningsgarðar og grasflatir).

I. **SAMRÆKTUN OG SKIPTIRÆKTUN, SVEPPIR, VÖKVUN, AÐSTAÐA TIL AÐ GEYMA HÚSDÝRAÁBURÐ, RÆKTUNARHLÉ RÆKTANLEGS LANDS OG STJÓRN NÆRINGAREFNA**

I/1 **Skiptiræktun (þó ekki matjurtaræktun og ræktun undir gleri)**

- I. Nytjaplöntur sem er sáð til eftir (eða mögulega fyrir) aðaluppskeru og uppskornar á 12 mánaða viðmiðunartímabilinu. Tilgreina skal svæði fyrir hverja tegund nytjaplantanna ef fleiri en ein tegund er í skiptiræktun (eða forræktun).
- II. Svæðið undir skiptiræktunina er ekki tvítalið, þ.e. svæðið er einungis skráð í D- til G-lið að því er varðar aðaluppskeruna og svæðið undir skiptiræktunina er ekki skráð annars staðar en í lið I/1.
- III. Matjurtaræktun (b-liður D/14), ræktun undir gleri (D/15, D/17) og matjurtagarðar (E) er ekki meðtalið.

I/2 **Sveppir**

- I. Ætisveppir sem eru ræktaðir í byggingum, sem hafa verið sérstaklega reistar eða aðlagðar að svepparækt, sem og í neðanjarðarrými, hellum og kjöllurum.
- II. Í könnuninni verður að skrá árangursrík ræktunarsvæði (beð, sekki eða áþekka fleti) sem eru eða verða notuð a.m.k. einu sinni á 12 mánaða viðmiðunartímabilinu.

Svæðið er þó einungis talið einu sinni þótt þetta sé gert oftar en einu sinni.

I/3 a) *Heildarvéituvæði*

- I. Stærsta svæðið sem hægt er að vökva á viðmiðunarárinu með þeim búnaði og vatnsmagni sem yfirleitt fyrir hendi á bújörðinni.
- II. Munur getur verið á heildarvökvunarsvæðinu og samanlögðum svæðum með vökvunarbúnaði, því búnaðurinn getur verið færanlegur og þess vegna er hægt að nota hann á mörgum stykkjum á uppskeruárinu; afkastageta getur einnig takmarkast af því vatnsmagni sem er fyrir hendi eða af því tímabili sem hægt er að nota færanlegan búnað.

I/3 b) *Svæði sem vatni er veitt á*

- I. Ræktunarsvæði sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á 12 mánaða tímabilinu fyrir könnunardaginn.
- II. Ræktun undir gleri og matjurtagarðar, sem eru yfirleitt alltaf vökvaðir, eru ekki meðtaldir.

Ef fleiri en einni tegund nytjaplantna er sáð í stykki á uppskeruárinu skal einungis skrá svæðið einu sinni: fyrir aðalnytjaplönturnar, ef þær voru vökvaðar, en annars fyrir mikilvægustu nytjaplönturnar í skiptiræktun sem eru vökvaðar.

- I/5 **Samræktaðar nytjaplöntur**
- I. Samhliða ræktun á skammærum nytjaplöntum (ræktunarplöntur eða bithagar og engi) og fjölærum nytjaplöntum og/eða skógarplöntum í sama stykki og í víðari skilningi einnig samhliða ræktun á mismunandi tegundum fjölærra og skammærra nytjaplantna í sama stykki.
- II. Þetta könnunatriði nær yfir heildarsvæðið sem er í raun notað fyrir samræktun. Fjallað er um skiptingu heildarsvæðisins eftir mismunandi tegundum nytjaplantna í D- til H-liðar „Heildarsvæði“.
- I/7 **Húsdýraáburður (fastur húsdýraáburður, fljótandi húsdýraáburður og blanda af hvoru tveggja)**
- I. Fastur húsdýraáburður: húsdýraskítur (með eða án hálmis) hugsanlega eilítið blandaður hlandi.
- Fljótandi húsdýraáburður: húsdýrahland, hugsanlega eilítið blandað skít og/eða vatni.
- Blanda fasts og fljótandi húsdýraáburðar: fljótandi húsdýraáburður, þ.e. blanda skíts og hlands frá húsdýrum, hugsanlega einnig eilítið blandaður vatni og/eða hálm.
- I/7 a) *Geymsluaðstaða*
- I. Þegar um er að ræða fastan húsdýraáburð vísar geymsluaðstaða til ógagndræps yfirborðs með frárennslhindrunum, með eða án þaks.
- Þegar um er að ræða fljótandi áburð eða blöndu fasts og fljótandi áburðar vísar geymsluaðstaða til vatnsþéttis tanks, sem er opin eða með þaki, eða til lóns með þéttum botni.
- II. Ekki skal skrá geymsluaðstöðu sem er ekki notuð á 12 mánaða viðmiðunartímabilinu.
- I/7 b) *Geymslurými*
- I. Fjöldi mánaða sem hægt er að geyma áburðinn, sem framleiddur er á bújörðinni, í geymsluaðstöðunni án þess að hætta sé á frárennsli og án þess að hún sé tæmd öðru hverju.
- I/8 **Svæði sem falla undir styrkjakerfi fyrir ræktunarhlé og er skipt upp í:**
- a) hvíldarland, ónotað í efnahagslegu tilliti (þegar skráð í D/22),
- b) ræktunarsvæði fyrir landbúnaðarhrávöru til annarra nota en sem matvæli/fóður (t.d. sykurrófur, repja, tré, runnar o.s.frv., þ.m.t. linsubaunir, kjúklingabaunir og umfæðmingsgras, þegar skráð í D og G),
- c) svæði, umbreytt í fastabithaga og engi (þegar skráð í F/1 og F/2),
- d) svæði, áður landbúnaðarsvæði, umbreytt í skóglendi eða sem verið er að undirbúa fyrir skógrækt (þegar skráð í H/2),
- e) önnur svæði (þegar skráð í H/1 og H/3).
- I. Svæði sem bújörðin getur hlotið fjárhagsaðstoð fyrir sem hvatningu til ræktunarhlés á ræktanlegu landi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1251/1999 eða, eftir atvikum, löggjöf Bandalagsins eða innlenda löggjöf.
- II. Einungis skal skrá þau svæði sem bújörðin getur hlotið fjárhagsaðstoð fyrir á viðmiðunarári könnunarinnar.
- Svæði sem geta hlotið fjárhagsaðstoð í tengslum við svipaðar áætlanir sem byggjast á eldri löggjöf skal einnig skrá hér.
- I/9 a) *Þekjuplöntur að vetrarlagi*
- I. Plöntur sem er sérstaklega sáð með tilliti til þess að þær gætu mögulega dregið úr tapi næringarefna vegna losunar út í andrúmsloftið, yfirborðsvatn eða grunnvatn að vetrarlagi eða á öðrum tímabilum þegar landið væri autt eða berskjaldað gagnvart tapi á annan hátt. Þessar plöntur hafa ekki mikið efnahagslegt gildi og er helsta markmiðið jarðvegsvernd.

- II. Ræktað land þar sem ekki eru þekjuplöntur eða þar sem einungis eru plöntuleifar á yfirborðinu er sérstaklega berskjaldað gagnvart tapi næringarefna. Bæði bændur og löggjöf eða yfirvöld hafa tekið tillit til þess. Í viðleitni til að draga úr þessu tapi, sem er bæði skaðlegt umhverfinu og efnahagnum, er ein besta leiðina að landið sé ávallt þakið plöntum. Í löggjöf tiltekinna aðildarríkja, eða sem hluti af áætlunum um umhverfissvænan landbúnað sem bændur geta tekið þátt í, eru kröfur um að hafa venjulegar haustplöntur eins og hausthveiti eða þekjuplöntur, eins er skilgreint hér, á tilteknum hluta ræktanlega landsins.

Varast skal að rugla þessum plöntum saman við venjulegar, grænar haustplöntur, eins og hausthveiti eða graslendi, þar sem um er að ræða plöntur sem er sáð til í þeim eina tilgangi að draga úr tapi næringarefna. Að öllu jöfnu eru þær plægðar að vori áður en sáð er fyrir öðrum nytjaplöntum og eru ekki uppskornar eða notaðar til beitar.

J. **BÚFÉ (á könnunardegi)**

J/1 til 19 **Búfé**

- I. Fjöldi búfjár sem er á degi könnunarinnar í beinni vörslu eða umsjá bújarðarinnar. Dýrin þurfa ekki að vera í eigu ábúandans. Þessi dýr geta verið á bújörðinni (á hagnýttu landi eða í húsum sem bújörðin notar) eða utan bújarðarinnar (á sameiginlegu beitarlandi eða í árstíðabundnum flutningum o.s.frv.).

- II. Gæludýr og önnur dýr en hestar, sem eru ekki notuð í framleiðslu eða til tekjuöflunar, þ.e. einungis til skemmtunar fyrir aðstandendur ábúandans eru ekki skráð (að undanskildum hestum).

Dýr á beitarlandi bújarðarinnar í eigu annars fyrirtækis, sem ekki í landbúnaði, t.d. föður-verksmiðju eða sláturhúsi, eru ekki skráð.

Hjarðir fardýra, sem tilheyra ekki bújörðum á landbúnaðarsvæðum, flokkast sem sjálfstæðar bújarðir.

Eftirfarandi er ekki meðtalið:

— dýr sem verið er að flytja (t.d. kvendýr sem er farið með til að þau fái fang),

— dýr á beit á annarri bújörð.

J/1 **Dýr af hestaætt**

- I. Húsdýr af ættkvísl hesta (*Equus*).

- II. Reið- og veðhlaupahestar og hestar, sem eru einungis notaðir til skemmtunar fyrir aðstandendur ábúanda, eru meðtaldir.

J/2 til 8 **Nautgripir**

- I. Húsdýr af tegundunum *Bos taurus* og *Bubalus bubalis*.

- II. Aðrar tegundir buffla eru meðtaldar.

J/2 **Nautgripir yngri en eins árs, nautkálfar og kvígur**

J/3 **Naut a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára**

J/4 **Kvígur a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára**

- II. Bornar kvígur eru ekki meðtaldar (J/7 og J/8).

- J/5 **Naut tveggja ára eða eldri**
- J/6 **Kvígur tveggja ára eða eldri:**
- I. Kvígur tveggja ára eða eldri, sem hafa enn ekki borið.
- II. Kvígur tveggja ára eða eldri, sem hafa enn ekki borið, eru meðtaldar hér, jafnvel þótt þær séu kelfdar á könnunardeginum.
- J/7 og J/8 **Mjólkurkúr, aðrar kúr**
- I. Kúr: bornar kvígur (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára).
- J/7 **Mjólkurkúr**
- I. Kúr sem vegna kyns síns eða tiltekinna eiginleika eru haldnar einungis eða að mestu leyti til mjólkurframleiðslu til manneldis eða vegna vinnslu mjólkurafurða. Meðtaldar eru aflóga (hættar framleiðslu) mjólkurkúr (einnig ef þær eru aldar frá síðasta mjólkurskeiði þeirra þar til þeim er slátrað).
- J/8 **Aðrar kúr**
- I. 1. Kúr sem vegna kyns þeirra eða tiltekinna eiginleika eru einungis eða að mestu leyti haldnar til undaneldis og er mjólk þeirra ekki ætluð til manneldis eða vinnslu mjólkurafurða.
2. Dráttarkúr.
- II. Aðrar aflóga kúr (hvort sem þær eru aldar áður en þeim er slátrað eða ekki) eru meðtaldar.
- J/9 **Sauðfé (öll aldursskeið)**
- I. Húsdýr af ættkvíslinni *Ovis*.
- J/9 a) *Sauðfé: ær til undaneldis*
- I. Bornar ær.
- II. Þ.m.t.:
- ær og lambær til undaneldis,
- aflóga ær.
- J/9 b) *Annað sauðfé*
- I. Allt annað sauðfé en ær til undaneldis.
- J/10 **Geitur (öll aldursskeið)**
- I. Húsdýr af ættkvíslinni *Capra*.
- J/10 a) *Geitur: huðnur til undaneldis*
- I. Huðnur sem hafa enn ekki borið.
- II. Þ.m.t.:
- huðnur og kiðlingar til undaneldis,
- aflóga huðnur.

J/10 b)	<i>Aðrar geitur</i>
I.	Allar aðrar geitur en huðnur til undaneldis.
J/11 til J/13	Svín
I.	Húsdýr af ættkvíslinni <i>Sus scrofa</i> .
J/11	Grísir undir 20 kílóum að þyngd
J/12	Gyltur til undaneldis sem veга 50 kíló og meira
I.	Gyltur ætlaðar til undaneldis, óháð því hvort þær hafa gotið eða ekki.
II.	Aflóga gyltur eru ekki meðtaldar.
J/13	Önnur svín
I.	Svín sem veга milli 20 og 50 kíló, eldissvín þ.m.t. aflóga geltir og aflóga gyltur sem veга a.m.k. 50 kíló (einnig þau sem eru alin áður en þeim er slátrað) og geltir til undaneldis sem veга a.m.k. 50 kíló.
J/14 til 16	Alifuglar
J/14	Holdakjúklingar
I.	Húsdýr af tegundinni <i>Gallus domesticus</i> sem eru haldin til kjötframleiðslu.
II.	Unghænur, varphænur og aflóga varphænur eru ekki meðtaldar.
J/15	Varphænur
I.	Húsdýr af tegundinni <i>Gallus domesticus</i> sem eru haldin til eggjaframleiðslu.
II.	Unghænur sem eru ekki farnar að verpa og aflóga hænur eru meðtaldar. Allar varphænur eru meðtaldar, hvort sem eggin eru til manneldis eða til undaneldis. Hanar til undaneldis fyrir varphænur eru meðtaldir.
J/16	Aðrir alifuglar
I.	Alifuglar sem ekki er getið í lið J/14 eða J/15.
J/16 a)	<i>Kalkúnar</i>
I.	Húsdýr af ættkvíslinni <i>Meleagris</i> .
J/16 b)	<i>Endur</i>
I.	Húsdýr af ættkvíslinni <i>Anas</i> .
II.	Endur sem ætlaðar eru til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) eru meðtaldar hér.
J/16 c)	<i>Gæsir</i>
I.	Húsdýr af tegundinni <i>Anser anser dom.</i>
II.	Gæsir sem ætlaðar eru til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) eru meðtaldar hér.
J/16 d)	<i>Aðrir alifuglar, ót.a.</i>

- II. Til þeirra teljast t.d. kornhænur (*Coturnix*), fasanar (*Phasianus*), perluhænsn (*Numida meleagris dom*), dúfur (*Colombinae*), strútar (*Struthio camelus*).

Dýr sem eru alin í innilokun til veiða og ekki til kjötframleiðslu eru ekki meðtalin hér.

J/17 **Kanínur: kvendýr til undaneldis**

- I. Kvenkanínur (af ættkvíslinni *Oryctolagus*) til framleiðslu eldiskanína, sem hafa eignast unga.

J/18 **Býflugur**

- I. Fjöldi býflugnabúa með býflugum (*Apis mellifera*) sem haldnar eru til framleiðslu á hunangi.
- II. Hvert sambú býflugna (býflugnahópur) skal skrá sem eitt bú, óháð eðli og tegund býflugnabúsins.

J/19 **Búfé, ót.a.**

- I. Allt búfé sem er notað til framleiðslu á landbúnaðarafurðunum sem um getur í A-lið II. viðauka, þó ekki á afurðunum sem um getur í B-lið II. viðauka.

K. **DRÁTTARVÉLAR, JARÐVINNSLUVÉLAR, TÆKI OG BÚNAÐUR**

Notkun tækja

- I. Tæki sem eru notuð á bújörðinni á 12 mánaða tímabili fyrir könnunardaginn.

Sem tilheyra bújörðinni

- I. Vélknúin ökutæki, vélbúnaður og tækjakostur í eigu bújarðarinnar á könnunardeginum.
- II. Vélknúin ökutæki, tæki og tækjakostur, sem hafa verið lánuð öðrum bújörðum tímabundið, eru meðtalin.

Í notkun á mismunandi bújörðum

1. *Í eigu annarrar bújarðar*

- I. Vélknúin ökutæki, vélbúnaður og tækjabúnaður í eigu bújarðar og í notkun á bújörðinni sem verið er að kanna (t.d. samkvæmt fyrirkomulagi um gagnkvæma aðstoð eða á leigu frá samtökum um vélaleigu).

2. *Í eigu samvinnufélags*

- I. Vélknúin ökutæki, vélbúnaður og tækjakostur í eigu samvinnufélaga og í notkun á bújörðinni sem verið er að kanna.

3. *Í sameign*

- I. Vélknúin ökutæki, vélbúnaður og tækjakostur í sameign tveggja eða fleiri bújarða eða í eigu hóps um samnýtingu vélabúnaðarhóps

Í eigu tækjaleigu

- I. Vélknúin ökutæki, vélbúnaður og tækjakostur í eigu landbúnaðartækjaleigu.

- II. Tækjaleigur eru fyrirtæki sem veita þjónustu á bújörðum samkvæmt verktakasamningi og nota til þess vélknúin ökutæki o.s.frv.. Þetta getur verið aðal- eða aukastarfsemi fyrirtækisins (t.d. fyrirtæki þar sem aðalstarfsemi felst í sölu og viðgerðum á landbúnaðartækjum, verslun með eða vinnslu á landbúnaðarafurðum, í búrekstri, eða náttúruverndarstofnun á staðnum).

K/1 **Fjórthjóra dráttarvélar, beltadráttarvélar, áhaldavagnar**

- I. Allar dráttarvélar sem eru með a.m.k. tvo ása og eru í notkun á bújörð og öll vélknúin ökutæki önnur sem eru notuð sem landbúnaðardráttarvélar. Undir þessa fyrirsögn falla sérstök ökutæki, s.s. jeppar og „Unimog“-torfærubílfreiðar o.s.frv., sem eru notuð sem landbúnaðardráttarvélar.

Vélknúin ökutæki, sem eru notuð á 12 mánaða tímabilinu sem könnunin tekur til en eingöngu við skógrækt, fiskveiðar, skurðgröft, vegagerð og annars konar gröft, eru þó ekki meðtalin.

K/2 **Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar, vélknúnar sláttuvélar**

- I. Vélknúin ökutæki, sem eru notuð í landbúnaði, garðyrkju og vinnu á vélum, með einum ási eða áþekkt ökutæki án áss.

- II. Vélar sem eru eingöngu notaðar í almenningsgörðum og á grasflötum eru ekki meðtaldar.

K/3 **Þreskivélar**

- I. Vélar sem eru sjálfknúnar, dregnar af dráttarvél eða festar á dráttarvél, til að skera og þreskja korn (þ.m.t. hrisgrjón og maískorn), belgávesti og olíufræ, belgjurtafræ, grasfræ o.s.frv.

- II. Sérhæfðar vélar til að nota við uppskeru á ertum eru ekki meðtaldar.

K/9 **Aðrar upptökuvélar sem eru að fullu vélknúnar**

- I. Vélar, aðrar en þreskivélar (K/3), sjálfknúnar, sem eru dregnar af dráttarvél eða festar á dráttarvél, til samfelldrar uppskeru á sykurrófum, kartöflum eða föðurjurtum.

- II. Uppskera á nytjajurtum getur farið fram í einni aðgerð eða fleiri (ef nokkrar vélar, til mismunandi nota, eru t.d. notaðar hver á eftir annarri eru þær taldar sem ein vél).

K/10 **Vökvunarbúnaður**

- I. Allar gerðir búnaðar sem er notaður við vökvun, óháð því hvort vatninu er sprautað á nytjajurtirnar eða veitt í skurðum eða rörum á jörðinni.

- II. Búnaður, sem er eingöngu notaður í garðyrkju eða gróðurhúsum, er ekki meðtalinn en búnaður, sem er notaður við ræktun grænmetis á ökrum, er meðtalinn.

K/10 a) *Færanlegur vökvunarbúnaður*

- I. Allur búnaður sem er notaður við vökvun og hægt er að færa frá stykki til stykkis á sama ræktunartímabili.

K/10 b) *Fastur vökvunarbúnaður*

- I. Allur búnaður sem er notaður við vökvun og er fastur eða ekki er hægt að færa á ræktunartímanum.

L. **VINNUAFL Í LANDBÚNAÐI**

Tölfræðilegum upplýsingum um vinnuafli í landbúnaði er safnað á þann hátt að unnt sé að setja upp töflur þar sem gögn (t.d. um aldur og vinnutíma) varðandi mismunandi flokka og vinnuafli við býli eru borin saman, bæði innbyrðis og/eða við hvaða könnunaratriði sem er. Í þessu felst að hver einstaklingur, sem starfar á bújörðinni, er flokkaður samkvæmt öllum undirflokkum sem eru nauðsynlegir í flokknum.

Gögnum er einungis safnað einu sinni fyrir hvern einstakling, þ.e.a.s. ef einstaklingur gegnir mörgum störfum á bújörðinni, t.d. maki ábúanda sem er jafnframt bústjóri, skal ekki tvítelja gögn um þann einstakling. Safna skal gögnum í sömu röð og flokkarnir eru, þ.e. fyrst starf sem ábúandi, því næst sem bústjóri, því næst sem maki loks sem annar aðstandandi.

Bújarðir með sameiginlegan rekstur (svarið er „já“ við b-lið B/01) teljast ekki njóta vinnuafli aðstandenda.. Af þessu leiðir að því er varðar bújarðir með sameiginlegan rekstur að gögn um liðina „maki“ (yfirlætt L/2) og „aðrir aðstandendur“ (yfirlætt a-liður L/3 og b-liður L/3 eru færð í lið L/4.

Þegar um er að ræða bújarðir þar sem ábúandinn er lögadili er ekkert skráð í liðina „ábúandi“ (L/1), „maki“ (L/2) og „aðrir aðstandendur“ (a-liður L/3 og b-liður L/3). Bústjórinn er skráður í a-lið L/1 og telst ekki sem aðstandandi. Ef maki bústjórans eða aðrir aðstandendur hans eru fastráðnir á bújörðinni eru þeir skráðir undir L/4 og ef þeir eru lausráðnir undir L/5 og 6.

L/1 til L/6

Vinnuafli í landbúnaði á bújörðinni

I. Allir einstaklingar sem hafa lokið skyldunámi (hafa náð þeim aldri er skólaskyldu lýkur) og sinna störfum á bújörðinni, sem verið er að kanna, á 12 mánaða tímabili fram að könnunardeginum.

Eftirfarandi skal skrá í könnuninni en skal ekki telja í liðnum „Samtals vinnuafli í landbúnaði“:

— einu ábúanda bújarða sem starfa ekki á bújörðinni,

— maka einu ábúanda bújarða sem starfa ekki á bújörðinni .

Samstarfsaðilar á bújörðum með sameiginlegan rekstur, sem vinna ekki við býlið, eru ekki meðtaldir í könnuninni.

Könnunartímabilið getur verið styttra en 12 mánuðir ef upplýsingarnar, sem eru veittar, byggjast á 12 mánaða tímabili.

Allir einstaklingar á eftirlaunaaldri sem starfa á bújörðinni teljast sem vinnuafli í landbúnaði.

Aldur við lok skyldunáms í aðildarríkjunum:

Belgía	18 ára	Ítalía	16 ára
Danmörk	16 ára	Lúxemborg	15 ára
Þýskaland	15 eða 16 ára	Holland	16 ára
Grikkland	15 ára	Austurríki	15 ára
Spánn	16 ára	Portúgal	15 ára
Frakkland	16 ára	Finnland	16 ára
Írland	15 ára	Svíþjóð	16 ára
		Breska konungsríkið	16 ára

Í Belgíu, Þýskalandi og Hollandi er skólaskyldukerfið þannig að fullt nám er stundað til tiltekins aldurs og hlutanám (allajafna nám á námssamningi) í önnur tvö til þrjú ár. Í sambandsríkjum Þýskalands gilda mismunandi reglur.

Athugasemd: Ekki skal túlka þessi aldursstig bókstaflega þar sem í mörgum aðildarríkjum er í raun ekki mælt fyrir um tiltekinn lokaaldur heldur um fjölda ára sem einstaklingur verður að ganga í skóla. Af þessu leiðir að einstaklingur sem hóf skólagöngu á óvenjulegum aldri mun einnig geta lokið henni á óvenjulegum aldri.

Starfsmenn á bújörð sem starfa fyrir þriðja aðila eða samkvæmt fyrirkomulagi um gagnkvæma aðstoð (t.d. starfsmenn verktaka eða samvinnufélaga í landbúnaði) eru ekki meðtaldir.

L/1 til L/6

Landbúnaðarstörf

I. Öll störf á bújörðinni, sem verið er að kanna, sem stuðla að framleiðslu afurðanna, sem eru skráðar í II. viðauka, og því að viðhalda framleiðslugetu eða að starfsemi sem leiðir af þessari framleiðslu.

II. „Störf sem stuðla að framleiðslu“ fela m.a. í sér eftirfarandi verk:

- skipulagningu og stjórnun (kaup og sala, bókhaldsvinna o.s.frv.),
- vinnu á akri (plæging, heyskapur, uppskera o.s.frv.),
- umhirða dýra (tilreiðsla og dreifing á fœðri, mjaltir, umönnun dýra o.s.frv.),
- alla vinnu sem fer fram á bújörðinni og varðar geymslu, vinnslu og frágang landbúnaðarhræfna fyrir markað (setja í súrhey, pökkun o.s.frv.),
- viðhaldsvinnu (á byggingum, vélum, mannvirkjum o.s.frv.),
- flutninga á vegum bújarðarinnar, að svo miklu leyti sem eigin vinnuafli bújarðarinnar annast þá,
- alla óaðskiljanlega aukastarfsemi sem er ekki tengd landbúnaði. Um er að ræða starfsemi sem er nátengd landbúnaðarframleiðslu, sem ekki er hægt að skilja frá aðallandbúnaðarstarfseminni (t.d. smjörgerð).

Eftirfarandi telst ekki til „landbúnaðarstarfa á bújörðinni“:

- vinna vegna heimilisrekstrar ábúanda/samstarfsaðila eða bústjóra og fjölskyldna þeirra,
- vinna við skógrækt, veiðar, fiskvinnslu eða fiskeldi (hvort sem hún fer fram á bújörðinni eða ekki). Takmörkuð vinna af þessum toga, sem landbúnaðarverkamaður innir af hendi, er þó meðtalin ef unnt er að mæla hana sérstaklega.
- aðskiljanleg aukastarfsemi sem er ekki tengd landbúnaði (e.t.v. vinnsla landbúnaðarafurða á bújörðinni),
- öll starfsemi sem er ekki tengd landbúnaði,
- önnur launuð starfsemi (sjá L/7 til L/9 „Tekjur af annarri starfsemi“ og M/1) sem ábúandi og/eða vinnuafli sinnir.

L/1 til L/6

Vinnutími á bújörðinni

I. Vinnutími sem í raun fer í landbúnaðarstörf á bújörðinni, þó ekki vinna á heimili ábúanda eða bústjóra.

II. „Fullt starf“ merkir lágmarksstundafjöldi sem krafist er í innlendum ákvæðum um ráðningarsamninga. Ef stundafjöldi á ári er ekki tekinn fram í þessum ákvæðum skulu 1800 stundir teljast lágmarksfjöldi (225 átta stunda vinnudagar).

- L/1 og L/1 a) *Ábúandi og bústjóri: eins og skilgreint er í B/1 og B/2*
- II. Safna skal öllum upplýsingum, sem farið er fram á, um þann einstakling sem kemur fram sem ábúandi (L/1) eða bústjóri (a-liður í L/1). Ef bújörðin er bújörð með sameiginlegan rekstur skal skrá gögn um einstaklinginn sem telst vera ábúandi (sjá b-lið í B/1). Einungis skal safna gögnum um einstaklinga. Af þessu leiðir að ef ábúandinn er lögaðili skal einungis safna gögnum um bústjórnann.
- L/2 **Maki ábúanda**
- II. Safna skal gögnum um maki ábúandans, þ.m.t. þeir sem starfa ekki á bújörðinni. Þegar makinn er samstarfsaðili á bújörð með sameiginlegan rekstur skal skrá hann í lið L/4. Ef makinn er bústjórninn skal skrá hann í a-lið í L/1.
- L/3 **Aðrir aðstandendur ábúanda**
- I. Aðstandendur eina ábúanda, aðrir en maki, sem sinna landbúnaðarstörfum á bújörðinni, en búa ekki endilega á bújörðinni.
- II. Að öllu jöfnu eru „aðstandendur ábúanda“ maki, ættmenn í beinan legg (þ.m.t. með giftingu og ættleiðingu) og bræður og systur ábúanda eða maka hans (sjá a-lið í B/2). Engu skiptir hvort slíkir einstaklingar fá laun eða ekki eða hvort þeir eru fastráðnir eða ekki.
- Þegar aðstandandi ábúanda er bústjórninn skal skrá hann undir a-lið L/1 en undir L/4 ef hann er samstarfsaðili á bújörð með sameiginlegan rekstur.
- L/4 til L/6 **Utanaðkomandi vinnuafli**
- I. Allir einstaklingar, sem sinna launuðum landbúnaðarstörfum á bújörðinni, aðrir en ábúandi og aðstandendur hans.
- II. Samstarfsaðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur aðrir en sá sem telst vera ábúandi (sjá b-lið B/1), allir makar og aðrir aðstandendur samstarfsaðila á bújörð með sameiginlegan rekstur, sem sinna landbúnaðarstörfum á bújörðinni eru meðtaldir hér. Þeir teljast til annarra starfsmanna en engu skiptir hvort slíkir einstaklingar fá laun eða ekki.
- L/4 **Fastráðið, utanaðkomandi vinnuafli**
- I. Fastráðið vinnuafli: Einstaklingar er sinna landbúnaðarstörfum í hverri viku á bújörðinni á 12 mánaða tímabili fyrir könnunina, án tillits til lengdar vinnuvikunnar.
- Einstaklingar, sem voru fastráðnir hluta þess tímabils en hafa ekki getað unnið allt tímabilið af eftirfarandi ástæðum, eru einnig meðtaldir:
- vegna sérstakra framleiðsluáðstæðna á bújörðinni,
 - þeir voru fjarverandi vegna orlofs, herþjónustu, veikinda eða slyss eða eru látnir,
 - vegna upphafs eða loka ráðningar hjá bújörðinni.,
 - vegna algjörRAR vinnustöðvunar á bújörðinni af óviðráðanlegum orsökum (vegna flóða, bruna o.s.frv.).
- II. Til bújarða með sérstakar framleiðsluáðstæður (1. liður) teljast t.d. bújarðir sem sérhæfa sig í ólífur- eða þrúgurækt, ræktun ávaxta og grænmetis undir berum himni eða eldi nautgripa á graslendi og þar sem einungis er þörf á starfsmönnum í nokkra mánuði.
- Ákvæði 3. liðar ná einnig yfir starfsmenn sem hætta störfum á einni bújörð og hefja störf á annarri á 12 mánaða tímabili fyrir könnunardaginn.

Árstíðarbundnir starfsmenn, sem eru ráðnir til skamms tíma, t.d. vinnuafli sem er einungis fengið í ávaxta- og grænmetistíðslu, eru ekki meðtaldir hér heldur í liðum L/5 og L/6 þar sem fjöldi vinnudaga er skráður.

L/5 og L/6

Utanaðkomandi, lausráðið vinnuafli

- I. „Lausráðnir“: starfsmenn sem unnu ekki í hverri viku á bújörðinni á 12 mánaða tímabilinu fyrir könnunardaginn af öðrum ástæðum en taldar eru upp í L/4.

L/5 og L/6

Fjöldi vinnudaga lausráðsins, utanaðkomandi vinnuafli

- I. Hver vinnudagur sem er það langur að starfsmaður fær greidd full dagvinnulaun og þeim störfum er sinnt sem fastráðinn starfsmaður í landbúnaði innir að öllu jöfnu af hendi. Orlofs- og veikindadagar teljast ekki sem vinnudagar.
- II. Fullur vinnudagur er venjulegur vinnudagur fastráðinna starfsmanna sem eru í fullu starfi. Vinnutími lausráðsins vinnuafli er umreiknaður í fullan vinnudag, jafnvel þótt tekið sé fram í ráðningarsamningi að vinnudagarnir séu lengri eða styttri en hjá fastráðnum starfsmönnum.

L/7 til L/9

Tekjur af annarri starfsemi

- I. Öll önnur starfsemi en sem tengist landbúnaðarstörfum samkvæmt skilgreiningu í L-lið sem fer fram gegn þóknun (laun, hagnaður eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu í samræmi við veitta þjónustu).
- II. Í þessu felast tekjur af annarri starfsemi en sem tengist landbúnaðarstörfum og fer fram á bújörðinni (af tjaldstæðum, gístaðstöðu fyrir ferðamenn o.s.frv.) eða á annarri bújörð svo og starfsemi í fyrirtæki sem ekki er í landbúnaði. Landbúnaðarstörf á annarri bújörð eru meðtalin.

Tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi, sem er ekki tengd landbúnaði á bújörðinni, eru ekki meðtaldar.

L/7: Safna skal gögnum um þá ábúendur sem eru einnig bústjórar.

L/8: Safna skal gögnum um maka ábúanda (einnig um þá sem sinna ekki landbúnaðarstörfum á bújörðinni), einungis á bújörðum þar sem ábúandinn er eini ábúandinn.

L/9: Safna skal gögnum einungis um þær bújarðir þar sem ábúandinn er eini ábúandinn.

Þegar ábúandinn er lögaðili skal ekki safna upplýsingum um bústjóran.

Aðalstarf

- I. Starf sem svarandi gefur upp sem sitt aðalstarf.
- II. Að jafnaði starf sem meiri tími fer í en landbúnaðarstörf á bújörðinni sem verið er að kanna. Ef svarandi vinnur í raun ekki á bújörðinni telst hvaða launað starf sem er, eins og er lýst er hér að ofan, aðalstarf.

Aukastarf

- I. Öll önnur störf svaranda sem tilgreinir landbúnaðarstörf á bújörðinni, sem verið er að kanna, sem sitt aðalstarf.
- II. Að jafnaði starf sem minni tími fer í en landbúnaðarstörf á bújörðinni sem verið er að kanna.

- L/10 **Jafngildir vinnudagar í fullu starfi við landbúnaðarstörf, ótalið undir L/1 til L/6, sem einstaklingar, sem eru ekki ráðnir beint í vinnu á bújörðinni (t.d. starfsmenn verktaka), inna af hendi**
- I. Hvers konar landbúnaðarstörf (sjá athugasemd við L/6 til L/6 „Landbúnaðarstörf“) sem einstaklingar, sem eru ekki ráðnir beint í vinnu á bújörðinni heldur eru sjálfstætt starfandi eða starfa hjá þriðja aðila, t.d. verktökum eða samvinnufélögum, inna af hendi á bújörðinni. Fjöldi vinnustunda skal umreiknaður í fjölda daga eða fjölda vikna sem jafngilda fullu starfi.
- II. Vinnudagar einstaklinga, sem vinna á bújörðinni fyrir annan einstakling eða fyrirtæki, eru meðtalin. Vinna bókhaldsfyrirtækja fyrir bændur og ólaunuð gagnkvæm aðstoð er ekki meðtalin.
- M. **BYGGÐAÞRÓUN Í DREIFBÝLI**
- Upplýsingum skal safnað um hvort eigandinn og/eða maki eða aðrir aðstandendur eða einn eða fleiri samstarfsaðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur fá tekjur af starfsemi sem telst ekki til landbúnaðarstarfa eins og skilgreint er undir L/1 til L/6 en tengist bújörðinni beint og hefur efnahagsleg áhrif á hana.
- Margs konar starfsemi af þessu tagi getur farið fram á sömu bújörðinni. Öll þessi starfsemi skal skráð.
- Tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi á bújörðinni eru ekki meðtaldar.
- Starfsemi á sviði skógarnytja er ekki meðtalin.
- M/1 **Bein tengsl við bújörðina**
- I. Starfsemi þar sem annaðhvort eru notaðir framleiðsluþættir bújarðarinnar (svæði, byggingar, vélbúnaður o.s.frv.) eða afurðir bújarðarinnar.
- II. Ef einungis er notast við utanaðkomandi vinnuafli og engir aðrir framleiðsluþættir bújarðarinnar eru notaðir teljast starfsmennirnir vinna fyrir tvo mismunandi vinnuveitendur og telst því starfsemin ekki vera í beinum tengslum við bújörðina.
- Starfsemi þar sem eru í raun engin bein tengsl, t.d. verslun þar sem ekki eru seldar afurðir bújarðarinnar, er ekki meðtalin.
- M/1 a) *Ferðaþjónusta, gístaðstaða og önnur frístundastarfsemi*
- I. Öll starfsemi í ferðaþjónustu, gístaðþjónustu, skoðunarferðir á bújörðinni fyrir ferðamenn eða aðra hópa, íþrótta- eða tómstundastarf o.s.frv. þar sem svæði, byggingar eða aðrir framleiðsluþættir bújarðarinnar eru notaðir.
- M/1 b) *Handverk*
- I. Handverk sem annaðhvort ábúandi, aðstandendur hans eða utanaðkomandi vinnuafli framleiðir á bújörðinni, að því tilskildu að það sinni einnig landbúnaðarstörfum, óháð því hvernig afurðirnar eru seldar.
- M/1 c) *Vinnsla landbúnaðarafurða*
- I. Öll vinnsla á aukaafurðum úr landbúnaðarhráefnum á bújörðinni, óháð því hvort hráefnin eru framleidd á bújörðinni eða aðkeypt.
- II. Dæmi um þetta er m.a. kjötvinnsla, ostagerð, vínframleiðsla o.s.frv.
- Öll vinnsla á landbúnaðarafurðum tilheyrir þessum lið, óháð því hvort hún telst hluti af landbúnaði (til dæmis er í sumum héruðum lítið á vingerð sem hluta af vinnslu á hráefni, en á öðrum svæðum er lítið á hana sem aðskilið ferli).

Sala á landbúnaðarafurðum beint til neytenda er meðtalin hér, þó ekki ef afurðirnar eru ekki unnar á bújörðinni (t.d. er mjólk sem seld er beint til nágranna ekki meðtalin þar sem ekki er þörf á neinni vinnslu). Framleiðsla á landbúnaðarafurðum einungis til eigin neyslu eða sala á mögulegri umframframleiðslu á slíkum afurðum er ekki meðtalin.

- M/1 d) *Timburvinnsla (sögun o.s.frv.)*
- I. Vinnsla á bújörðinni á óunnum viði til sölu á markaði (sögun á viði o.s.frv.).
- II. Frekari vinnsla, eins og framleiðsla á húsgögnum úr viðnum, tilheyrir að öllu jöfnu b-lið M/1.
- M/1 e) *Eldi og ræktun í sjó og vatni*
- I. Framleiðsla á fiski, vatnkröbbum o.s.frv. á bújörðinni.
- II. Starfsemi sem felst eingöngu í fiskveiðum er ekki meðtalin.
- M/1 f) *Vinnsla endurnýjanlegrar orku (vindorka, hálbrennsla o.s.frv.)*
- I. Framleiðsla endurnýjanlegrar orku fyrir markað, m.a. vindmyllur eða lífrænt gas til framleiðslu raforku, sölu landbúnaðarafurða, hálsms eða timburs til orkuvera o.s.frv.
- II. Endurnýjanleg orka sem er eingöngu framleidd til notkunar á bújörðinni er ekki meðtalin hér.
- M/1 g) *Verktakavinna (með tækjum í eigu bújarðarinnar)*
- I. Verktakavinna, yfirleitt með tækjum í eigu bújarðarinnar, innan eða utan landbúnaðargeirans, t.d. snjórúðningur, farmflutningar, landslagsvernd, landbúnaðar- og umhverfisþjónusta o.s.frv.
- M/1 h) *Annað*
- I. Tekjur af annari starfsemi sem er ótalin annars staðar, m.a. loðdýrarækt.
- N. **UMHVERFISÞÆTTIR**
- N/1 **Vatnslindir til vökvunar**
- I. Vatnslindir til vökvunar á bújörðinni, þaðan sem allt vatnið eða stærstur hluti þess kemur.
- II. Bújörð getur notað eina eða fleiri vatnslindir til vökvunar, eftir veðurskilyrðum og verðlagi. Hér skal safna upplýsingum um þá vatnslind sem væri notuð í venjulegu eða þurru ári. Ef árið á undan könnuninni er óeðlilega regnsamt skulu gögnin eiga við um annað ár.
- N/1 a) *Grunnvatn*
- I. Vatnslindir, sem eru á eða nærri bújörðinni, þar sem vatni er dælt úr borholum eða brunnum eða úr rennandi, náttúrlegum grunnvatnssuppsprettum o.þ.h.
- II. Ekki er þörf á að þessar vatnslindir séu eingöngu notaðar til vökvunar heldur geta þær verið notaðar í öðrum tilgangi á bújörðinni.
- N/1 b) *Yfirborðsvatn á býlinu (tjarnir eða stíflur)*
- I. Litlar, náttúrlegar tjarnir eða manngerð uppistöðulón sem eru að öllu leyti á bújörðinni eða eingöngu ein bújörð notar.

- II. Upphafleg vatnslind getur annaðhvort verið regnvatn eða grunnvatn sem er safnað í geyma. Ef grunnvatni er einungis safnað í uppistöðulóni á vökvunartímanum er það meðtalið í a-lið N/1.
- N/1 c) *Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum*
- I. Ósalt yfirborðsvatn (stöðuvötn, ár, önnur vatnsföll) sem ekki er manngert til áveitu.
- II. Manngerð uppistöðulón, siki eða ár jafnvel þótt þær séu ekki gerðar sérstaklega til áveitu, tilheyra d-lið N/1 .
- Litlar stíflur (minni en 1000 m³), sem eru eingöngu gerðar til að dælur í litlum vatnsföllum starfi rétt, eru meðtaldar hér.
- N/1 d) *Vatn utan býlis úr sameiginlegu vatnsveitukerfi*
- I. Vatnslindir utan bújarðarinnar, aðrar en sem um getur í c-lið í N/1 sem a.m.k. tvær bújarðir hafa aðgang að. Að öllu jöfnu er innheimt gjald fyrir aðgang að þessum vatnslindum.
- II. Vatnsveitur geta verið opinberar eða einkareknar. Ekki er tekið tillit til uppruna vatnsins. Vatn sem er flutt til bújarðarinnar í geymum er að öllu jöfnu skráð hér, nema greinilega sé um yfirborðsvatn að ræða eins og lýst er í c-lið í N/1.
- N/1 e/i) *Afsaltað eða ísalt vatn*
- I. Vatn, sem á upptök sín í mjög saltri lind eins og Atlantshafinu eða Miðjarðarhafinu og þarf að meðhöndla til að draga úr saltmagni (afsöltun) fyrir notkun eða úr ísaltri (með litlu saltmagni) lind eins og Eystrasalti og tilteknum ám, þarf ekki að meðhöndla fyrir notkun.
- N/1 e/ii) *Endurnýtt vatn*
- I. Skólp sem hefur verið meðhöndlað og kemur til notanda sem endurheimt skólp.
- N/2 **Vökvunaraðferðir sem eru notaðar**
- II. Vökvunaraðferðir, sem eru notaðar á nytjaplöntur undir gleri eða skýlum eða matjurtagarða, eru ekki meðtaldar hér.
- N/2 a) *Yfirborðsáveita (flóð, skurðir)*
- I. Vatni er veitt með jörðinni, annaðhvort með því að láta flæða yfir allt svæðið eða veita vatni í litla skurði á milli plönturadanna með hjálp þyngdaraflsins.
- N/2 b) *Úðavökvun*
- I. Plönturnar eru vökvaðar með því að vatni er sprautað við mikinn þrýsting yfir landspildurnar.
- N/2 c) *Drey pivökvun*
- I. Plönturnar vökvaðar með drey pivökvun á neðsta plöntuhlutann eða með örúðunar- eða þokuúðatækni.
- N/3 **Óræktaðir jaðrar eða hlutar stykkja sem bóndinn verndar vegna umhverfissjónarmiða og Bandalagið styrkir**
- I. Óræktaðir jaðrar stykkja eða aðrir hlutar stykkja sem bóndinn stjórnar til verndar umhverfinu innan ramma tiltekinnar skuldbindinga um umhverfissvænan landbúnað sem eru samþykktar samkvæmt innlendu eða svæðisbundnu áætlunarskjali um byggðaðróun í dreifbýli og sem

Ábúandinn hlýtur greiðslur fyrir samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1257/1999. Þessi svæði eru stærri en sem krafist er samkvæmt góðum búskaparháttum eða skuldbindingum sem settar eru fram í viðeigandi löggjöf. Þessi svæði geta verið meðtalin í lið H/1 eða I/8 eftir því hvaða reglur gilda um skuldbindingarnar.

II.

Stuðningsáætlunum sem um getur hér er að öllu jöfnu ætlað að auka líffræðilega fjölbreytni á bújörðinni eða vernda grunn- eða yfirborðsvatn. Hér eru einkum meðtalin svæði þar sem landbúnaðarframleiðsla er hætt í langan tíma (a.m.k. 10 ár) og svæði þar sem gripid er til aðgerða á sviði lífvistar.

Reglur sem gilda um notkun og stjórnun slíkra svæða eru mismunandi eftir innlendum eða svæðisbundnum áætlunum en samkvæmt þeim gæti verið mögulegt að nota þau til dreifbærrar beitars eða til heyskaps. Notkun varnarefna eða áburðar er að öllu jöfnu ekki heimiluð.

Farið er með eðlileg athafnasvæði fyrir vélar, sem eru nauðsynlegar við sáningu og önnur venjubundin ræktunarsörf, og tiltölulega þröng jaðarsvæði stykkja, sem eru talin hluti góðra búskaparháttanna og því gerð krafa um þau við styrkveitingu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1251/99, eins og þau tilheyri ræktunarsvæðinu í stykkinu, og eru þau því ótalin hér.

II. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VIÐURKENNDAR UN DANTEKNINGAR FRÁ SKILGREININGASKRÁNNI

- a) **Belgía**
- L/8 Upplýsingum um tekjur af annarri starfsemi er ekki safnað að því er varðar maka eigenda sem ekki starfa á bújörðinni.
- b) **Danmörk**
- J/15 *Hanar til undaneldis fyrir varphænur eru ekki meðtaldir undir fyrirsögninni „Varphænur“.*
- c) **Sambandslýðveldið Þýskaland**
- G/6 Jólatrijía- og aspaekrur utan skóga eru meðtaldar undir könnunatriðinu „Aðrar fjölærar nytjaplöntur“ (G/6) og eru því meðtaldar sem hagnýtt landbúnaðarsvæði.
- J/14 Undir könnunatriðinu „Holdakjúklingar“ eru meðtaldir hanar til undaneldis fyrir varphænur, en þeir eru ekki meðtaldir undir atriðinu „Varphænur“ (J/15).
- L/3 Aðrir aðstandendur ábúanda, sem sinna landbúnaðarstörfum á bújörðinni en búa þar ekki, teljast „Aðrir starfsmenn“ (L/4 til (L/6).
- d) **Spánn**
- J/14 Undir könnunatriðinu „Holdakjúklingar“ eru meðtaldir hanar til undaneldis fyrir varphænur, en þeir eru ekki meðtaldir undir atriðinu „Varphænur“ (J/15).
- N/2 Vökvunaraðferðir fela einnig í sér aðferðir sem eru notaðar í gróðurhúsum og matjurtagörðum.
- e) **Frakkland**
- J/14 Hanar til undaneldis fyrir ræktun holdakjúklinga eru meðtaldir hér.
- f) **Írland**
- J/9 a) Aflóga ær eru ekki meðtaldar.
- g) **Ítalía**
- J/16 b) og c) Gæsir eru meðtaldar í b-lið J/16.
- h) **Holland**
- D/23, D/24, D/31, D/32, D/33 Undir könnunatriðunum í þessum liðum eru einnig meðtalin fræ.
- E Könnunatriðið „Matjurtagarðar“ er tilgreint undir liðnum „Annað land“ (H).
- J/15 Hanar til undaneldis fyrir varphænur eru ekki meðtaldir undir fyrirsögninni „Varphænur“.
- L/3 Alltaf er farið með börn ábúanda, sem vinna landbúnaðarstörf á bújörðinni, sem aðstandendur. Aðrir aðstandendur ábúanda, sem búa ekki á bújörðinni en starfa þar, teljast „Aðrir starfsmenn“ (L/4 til (L/6).

-
- | | |
|------|---|
| i) | Portúgal |
| J/14 | Hanar til undaneldis við framleiðslu holdakjúklinga eru meðtaldir hér. |
| j) | Austurríki |
| L/3 | Aðrir aðstandendur ábúanda, sem sinna landbúnaðarstörfum á bújörðinni en búa þar ekki, teljast „Aðrir starfsmenn“ (L/4 til (L/6). |
| k) | Finnland |
| H/2 | Ófrjósamt skóglendi og svæði vaxin skógarkjarri eru ekki meðtalin. |
| l) | Svíþjóð |
| H/2 | Ófrjósamt skóglendi og svæði vaxin skógarkjarri eru ekki meðtalin. |
| m) | Breska konungsríkið |
| E | „Könnunaratriðið „Matjurtagarðar“ er tilgreint undir liðnum „Annað land“ (H).“ |
-

III. VIÐAUKI

„ITALIA

<i>Svæði</i>	<i>NUTS-kóði</i>	<i>Hérað</i>	<i>NUTS-kóði</i>
Piemonte	IT11	Torino	IT111
		Vercelli	IT112
		Biella	IT113
		Verbano-Cusio-Ossola	IT114
		Novara	IT115
		Cuneo	IT116
		Asti	IT117
		Alessandria	IT118
		Valle d'Aosta	IT12
Liguria	IT13	Imperia	IT131
		Savona	IT132
		Genova	IT133
		La Spezia	IT134
Lombardia	IT2	Varese	IT201
		Como	IT202
		Lecco	IT203
		Sondrio	IT204
		Milano	IT205
		Bergamo	IT206
		Brescia	IT207
		Pavia	IT208
		Lodi	IT209
		Cremona	IT20A
		Mantova	IT20B
Bolzano-Bozen	IT311	Bolzano-Bozen	IT311
Trento	IT312	Trento	IT312
Veneto	IT32	Verona	IT321
		Vicenza	IT322
		Belluno	IT323
		Treviso	IT324
		Venezia	IT325
		Padova	IT326
		Rovigo	IT327
Friuli-Venezia Giulia	IT33	Pordenone	IT331
		Udine	IT332
		Gorizia	IT333
		Trieste	IT334

<i>Svæði</i>	<i>NUTS-kóði</i>	<i>Hérað</i>	<i>NUTS-kóði</i>
Emilia Romagna	IT4	Piacenza	IT401
		Parma	IT402
		Reggio nell'Emilia	IT403
		Modena	IT404
		Bologna	IT405
		Ferrara	IT406
		Ravenna	IT407
		Forlì-Cesena	IT408
		Rimini	IT409
		Toscana	IT51
Lucca	IT512		
Pistoia	IT513		
Firenze	IT514		
Prato	IT515		
Livorno	IT516		
Pisa	IT517		
Arezzo	IT518		
Siena	IT519		
Grosseto	IT51A		
Umbria	IT52	Perugia	IT521
		Terni	IT522
Marche	IT53	Pesaro e Urbino	IT531
		Ancona	IT532
		Macerata	IT533
		Ascoli Piceno	IT534
Lazio	IT6	Viterbo	IT601
		Rieti	IT602
		Roma	IT603
		Latina	IT604
		Frosinone	IT605
Abruzzi	IT71	L'Aquila	IT711
		Teramo	IT712
		Pescara	IT713
		Chieti	IT714
Molise	IT72	Isernia	IT721
		Campobasso	IT722
Campania	IT8	Caserta	IT801
		Benevento	IT802
		Napoli	IT803
		Avellino	IT804
		Salerno	IT805
Puglia	IT91	Foggia	IT911
		Bari	IT912
		Taranto	IT913
		Brindisi	IT914
		Lecce	IT915

<i>Svæði</i>	<i>NUTS-kóði</i>	<i>Hérað</i>	<i>NUTS-kóði</i>
Basilicata	IT92	Potenza	IT921
		Matera	IT922
Calabria	IT93	Cosenza	IT931
		Crotone	IT932
		Catanzaro	IT933
		Vibo Valentia	IT934
		Reggio di Calabria	IT935
Sicilia	ITA	Trapani	ITA01
		Palermo	ITA02
		Messina	ITA03
		Agrigento	ITA04
		Caltanissetta	ITA05
		Enna	ITA06
		Catania	ITA07
		Ragusa	ITA08
		Siracusa	ITA09
Sardegna	ITB	Sassari	ITB01
		Nuoro	ITB02
		Oristano	ITB03
		Cagliari	ITB04“
